Genie
A TEREX BRAND

Stjórnandahandbók

Raðnúmerasvið

SX™-150
SX™-180

CE
UK
CA

með
viðhaldsupplýsingum

Translation of Original
Instructions
Fifth Edition
First Printing
Part No. 1313897ISGT

Manufacturer:

Terex Global GmbH
Bleicheplatz 2
Schaffhausen, 8200
Switzerland

EU Authorized representative:

Genie Industries B.V.
Boekerman 5
4751 XK OUD GASTEL
The Netherlands

UK Authorized representative:

Genie UK Limited
The Maltings
Wharf Road
Grantham
NG31 6BH
UK

Efni

Inngangur 1
Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu 6
Almennt öryggi 9
Öryggi manna 12
Öryggi á vinnusvæði 13
Skýringartexti 22
Stjórntæki 23
Skoðanir 33
Notkunarleiðbeiningar 50
Leiðbeiningar um flutning og lyftingu 65
Viðhald 72
Tæknilýsing 76

Höfundarréttur © 2015 Terex Corporation

Fimmta útgáfa: Fyrsta prentun, janúar 2024

Genie er skrásett vörumerki og „SX“ er vörumerki Terex South Dakota, Inc. í Bandaríkjunum og fjölda annarra landa.

CE Uppfyllir EB tilskipun 2006/42/EB
Sjá EB-samræmisyfirlýsingu

UKCA (Öryggis)reglur um veitingu á vélbúnaði 2008

Inngangur

Um þessa handbók

Við hjá Genie erum þakklát fyrir að vél okkar hafi orðið fyrir valinu. Öryggi notenda nýtur forgangs hjá okkur og því náum við best í samvinnu við þá. Þetta er handbók um notkun og daglegt viðhald fyrir notendur Genie-véla.


Líta ætti á handbók þessa sem varanlegan hluta af vélinni og hún ætti alltaf að fylgja henni. Ef einhverjar spurningar vakna skal hafa samband við Genie.

Auðkenning vöru

Raðnúmer vélarinnar má sjá á raðnúmeramerkimiða.

Raðnúmerið er stimplað á undirvagninn

Raðnúmeramerkimiði (undir hlífinni)



Ætluð notkun og leiðbeiningar

Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu. Áður en vélin er notuð ber stjórnandi ábyrgð á því að lesa og skilja þessar leiðbeiningar.

- ☑ Hver einstaklingur þarf að fá þjálfun til að nota færanlega og hækkanlega vinnupalla (MEWP).
- ☑ Hver einstaklingur sem hefur til þess heimild og þjálfun og er til þess hæfur skal kynna sér notkun kranans.
- ☑ Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota vélina.
- ☑ Stjórnandinn ber ábyrgð á að lesa, skilja og hlýða leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum í stjórnandahandbókinni.
- ☑ Stjórnandahandbókin er staðsett í handbókargeymslunni á pallinum.
- ☑ Upplýsingar um ákveðna notkun vöru er að finna í **Samband haft við framleiðanda**.

Inngangur

Tákn fyrir stjórntæki á palli og tengdar hreyfingar vélarinnar:


Jafnvægi palls


Snúningur palls



Klýfurbóma upp/niður


Bóma upp/niður



Setja út / draga inn bómu


Snúningur snúanlega hlutans


Aka áfram / aftur á bak


Stýra til hægri/vinstri

Tákn fyrir stjórntæki á jörðu niðri og tengdar hreyfingar vélarinnar:


Jafnvægi palls, klýfurbóma upp/niður, setja út / draga inn bómu, og bóma upp/niður


Snúningur snúanlega hlutans og snúningur palls

Raðbundnar aðgerðir og hreyfing:

- Akstur og stýring.

Samfastar aðgerðir:

- Akstursbraði með pall uppi.
- Akstursbraði með pall uppi og ekki á jafnsléttu.
- Akstur virkjaður þegar bómunni er snúið fram hjá föstu hjólunum eða föstu skriðbeltunum.
- Öll stjórntæki á palli og jörðu niðri.

Notkunartakmarkanir:

- Þessi vél er aðeins ætluð til að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, að vinnusvæði yfir jörðu.
- Ekki hækka pallinn nema vélin standi á traustri jafnsléttu.

Aukinn stöðugleiki felur í sér:

- Kvoðufyllt dekk
- Skriðbelti
- Burðargeta palls 750 pund/340 kg.

Inngangur

Dreifing á tilkynningum og eftirfylgni við þær

Öryggi notenda er Genie afar mikilvægt. Genie sendir frá sér ýmsar tilkynningar til að miðla mikilvægum upplýsingum um vörur og öryggismál til umboðsaðila og eigenda véla.

Upplýsingarnar í þessum tilkynningum eru merktar einstökum vélum með gerð og og raðnúmeri.

Dreifing á tilkynningum miðast við nýjustu upplýsingar um eiganda og viðkomandi söluaðila. Það er því mikilvægt að skrá vélina og uppfæra samskiptaupplýsingar.

Gættu þess að fylgja viðeigandi tilmælum í tilkynningum til að tryggja öryggi starfsmanna og áreiðanleika vélarinnar.

Kíktu á vefsvæðið okkar, www.genielift.com, til að skoða opnar tilkynningar um vélina þína.

Samband haft við framleiðanda

Stundum gæti reynst nauðsynlegt að hafa samband við Genie. Í slíkum tilfellum skal gefa upp númer gerðarinnar og raðnúmer vélarinnar, auk nafns og samskiptaupplýsinga. Alltaf skal hafa samband við Genie vegna:

Tilkynningar um slys

Spurninga varðandi notkun og öryggi

Upplýsingar um staðla og reglugerðir

Upplýsinga um núveranda eiganda, svo sem eignarhaldsbreytinga á vél eða breyttra samskiptaupplýsinga. Sjá Eignarhaldsbreytingu, fyrir neðan.

Eignarhaldsbreyting á vél

Með því að gefa þér nokkrar mínútur í að uppfæra upplýsingar um eiganda tryggir þú að þú fáir mikilvægar upplýsingar um öryggi, viðhald og notkun vélarinnar.

Skráðu vélina með því að fara á www.genielift.com eða hringja gjaldfrjálst í okkur í síma 1-800-536-1800.

Inngangur



Hætta

Misbrestur á að hlýða leiðbeiningunum og öryggisreglunum í þessari handbók mun leiða til dauða eða alvarlegra meiðsla.

Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Þú forðist hættulegar aðstæður.

Þekktu og skildu öryggisreglurnar áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir leiðbeiningum framleiðanda og öryggisreglum—öryggis- og stjórnandahandbókum og límmiðum á vélinni.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öryggisreglum vinnuveitanda og reglum vinnusvæðisins.

☑ Þú lesir, skiljir og hlýðir öllum viðeigandi stjórnarreglugerðum.

☑ Þú hafir rétta þjálfun til að nota vélina á öruggan hátt.

Viðhald öryggisskilta

Skiptu um horfin eða skemmd skilti. Hafðu öryggi stjórnenda vélarinnar í huga öllum stundum. Notaðu milda sápu og vatn til að hreinsa öryggisskilti. Ekki nota hreinsiefni sem byggjast á leysiefnum því þau geta skemmt öryggisskiltin.

Flokkun hættu

Límmiðar á Genie-vörum nota tákn, litakóða og áhersluorð til að tilgreina eftirfarandi:



Öryggisviðvörunartákn – notað til að vara starfsfólk við hugsanlegri hættu á líkamsmeiðslum. Hlýddu öllum öryggisskilaboðum sem fylgja þessu tákni til að forðast möguleg meiðsli eða dauða.



⚠HÆTTA Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.

⚠AÐVÖRUN Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið dauða eða alvarlegum meiðslum ef ekki er brugðist við hættunni.




⚠VARÚÐ Gefur til kynna hættulegar aðstæður sem geta valdið minniháttar meiðslum.

TIL ATHUGUNAR Gefur til kynna eignatjón.








Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Hætta á að kremjast	 Haltu þig frá hlutum á hreyfingu	 Hætta á að kremjast	 Fyrirstaða að ofan	 Árekstrarhætta
 Hætta á raflosti	 Haltu þig í hæfilegri fjarlægð	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu	 Hætta á veltu
 Hætta á raflosti	 Forðastu snertingu	 Aftengdu rafgeyminn	 Lestu handbók fyrir stjórnanda tækisins	 Lestu þjónustuhandbókina


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Sprengihætta	 Reykingar bannaðar. Engir logar. Stöðvaðu vélina.	 Sprengihætta	 Hætta á bruna	 Slökkvitæki
 Eldhætta	 Reykingar bannaðar.	 Sprengihætta	 Ekki stíga	 Festing fyrir dragreipi
 Leiðbeiningar fyrir festingar palls	 Leiðbeiningar fyrir lyftingu og festingar		 Bindipunktur	 Lyftipunktur


Tákn og myndrænar skilgreiningar á hættu

 Vindhraði	 Hámarksburðargeta	 Þyngd logsuðumanns dregur úr burðargetu	 Hjólahleðsla	 Dekkjamál
Verklag ef hallaaðvörun heyrist þegar pallurinn er uppi.  Pallur upp í mót: 1 Lækkaðu bómuna. 2 Dragðu inn bómuna.	 Pallur niður á við: 1 Dragðu inn bómuna. 2 Lækkaðu bómuna.	 Ekki nota eter eða önnur sterk efni til ræsingar í vélum með glókerti.	 Vinnsluspenna á afli til pallsins	 Málþrýstingur fyrir loftlögn til pallsins
 Litmerktar stefnuörvar	 Rennihætta	 Aðgangur einungis fyrir þjálfað starfsfólk með tilskildar heimildir	 Hætta á að kremjast	 Styðjið við pallinn eða bómuna við viðhald
 Varalækkun	 Pallur ofhlaðinn			


Almennt öryggi



Almennt öryggi



Almennt öryggi



Öryggi manna

Fallvörn

Þörf er á persónuhlífum til að verjast falli (PFPE) þegar þessi vél er notuð.

Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Allar persónuhlífar til að verjast falli verða að uppfylla opinberar reglur og þær verður að kanna og nota í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta á raflosti

Þessi vél hefur ekki verið einangruð fyrir rafmagni og mun því ekki veita vörn gegn snertingu eða nálægð við rafstraum.



Hlýddu öllum viðeigandi staðbundnum reglum varðandi fjarlægð frá rafspennulínum. Lágmarksfjarlægð er sýnd í töflunni hér að neðan og þeim fyrirmælum verður að fylgja í það minnsta.

Spenna línu	Áskilin fjarlægð	
0 til 50kV	10 fet	3,05 m
50 til 200kV	15 fet	4,60 m
200 til 350kV	20 fet	6,10 m
350 til 500kV	25 fet	7,62 m
500 til 750kV	35 fet	10,67 m
750 til 1000kV	45 fet	13,72 m

Gerðu ráð fyrir hreyfingu pallsins, sveiflum og sigi á raflínum og varastu mikinn vind og vindhviður.



Haltu þig frá vélinni ef hún snertir raflínur með straumi á. Starfsfólk á jörðu niðri eða á pallinum má ekki snerta eða nota vélina fyrr en straumur hefur verið tekinn af raflínunum.

Ekki nota vélina í eldingaveðri eða stormi.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

⚠ Veltihætta

Notendur, búnaður og efni mega ekki vera umfram hámarksburðargetu pallsins fyrir takmarkað eða ótakmarkað hreyfingarsvið.

Hámarksburðargeta pallsins	750 pund	340 kg
Hámarksfjöldi farþega		2

Þyngd valbúnaðar og aukabúnaðar, svo sem röragrinda og rafsuðuvéla, mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá burðargetu pallsins. Sjá merkingar á valbúnaði og aukabúnaði.

Ef aukabúnaður er notaður skal lesa, skilja og hlýða límmiðum, leiðbeiningum og handbókum aukabúnaðarins.

Öryggi á vinnusvæði




Ekki lyfta eða setja út bómuna nema vélin sé á traustu, láréttu undirlagi.



Ekki treysta á hallaaðvörunina sem stöðuvísi. Hallaaðvörunin hljómar eingöngu á pallinum þegar vélin er í miklum halla.

Ef hallaaðvörunin hljómar á meðan pallurinn er uppi skal gæta ýtrustu varúðar. Kannaðu stöðu bómunnar í brekkunni eins og sýnt er að neðan. Fylgdu skrefunum til að lækka bómuna áður en vélin er færð á trausta jafnsléttu. Ekki snúa bómunni á meðan hún er lækkuð.


Einungis þjálfað starfsfólk með tilskildar heimildir ætti að nota þessa endurheimtarstillingu.



Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn upp í móti:

1 Láttu bómuna síga.

2 Dragðu inn bómuna.



Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn niður í móti:

1 Dragðu inn bómuna.

2 Láttu bómuna síga.



Ekki hækka bómuna þegar hætta er á að vindhraði fari yfir 28 mílur/klst./12,5 m/s. Ef vindhraði fer 28 mílur/klst./12,5 m/s. þegar bóman er uppi skal lækka hana og hætta notkun á vélinni.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki nota vélina í sterkum vindi eða roki. Ekki auka yfirborðssvæði pallsins eða byrðarinnar. Ef svæðið er stækkað og það er berskjaldað fyrir vindi dregur það úr stöðugleika vélarinnar.



Gættu sérstakrar varúðar og dragðu úr hraða þegar vélin er keyrð í frágenginni stöðu yfir ójafnt undirlag, rusl, óstöðugt eða hált yfirborð og nærri holum og þverhnípi.

Ekki keyra vélina á eða nálægt ójöfnu landslagi, óstöðugu yfirborði eða öðrum hættulegum aðstæðum með bómuna á lofti eða útdregna.

Ekki nota vélina sem krana.

Ekki ýta vélinni eða öðrum hlutum með bómunni.

Ekki snerta aðliggjandi mannvirki með bómunni.

Ekki binda bómuna eða pallinn við aðliggjandi mannvirki.

Ekki setja byrðar utan jaðars pallsins.



Ekki ýta frá eða draga í átt að neinum hlut utan pallsins.

Leyfilegt hámarkshandafl 90 pund/400 N

Ekki breyta eða afvirkja einingar vélarinnar sem á einhvern hátt hafa áhrif á öryggi og stöðugleika.

Ekki endurnýja hluti sem mikilvægir eru stöðugleika vélarinnar með hlutum sem hafa aðra þyngd eða tæknilýsingu.

Ekki skipta út dekkjum sem fylgdu frá framleiðanda fyrir dekk af annarri gerð eða styrkleika.

Ekki nota loftfyllt dekk. Þessar vélar eru búnar froðufylltum dekkjum. Þyngd dekkja skiptir miklu máli varðandi stöðugleika.

Ekki nota stjórntæki pallsins til að losa pall sem er fastur, kræktur eða á annan hátt hindraður frá eðlilegri hreyfingu af aðliggjandi mannvirki. Allt starfsfólk verður að fara af pallinum áður en reynt er að losa hann með stjórntækjunum á jörðu niðri.

Öryggi á vinnusvæði

Ekki breyta vinnupallinum án fyrir fram fengins skriflegs leyfis frá framleiðandanum. Ef viðbætur til að halda verkfærum eða öðru efni eru festar á pallinn, fóthvílur eða handrið getur það aukið þyngd pallsins og yfirborð pallsins eða hleðslu hans.



Ekki setja eða festa yfirhangandi byrðar við neinn hluta þessarar vélar.



Ekki setja tröppur eða vinnupalla á pallinn eða upp við neinn hluta þessarar vélar.

Ekki flytja verkfæri og efni nema þeim sé jafnt dreift og einstaklingur/-ar á pallinum geti meðhöndlað þau á öruggan hátt.

Ekki nota vélina á yfirborði eða ökutæki sem hreyfist eða er hreyfanlegt.

Gættu þess að dekkin séu í góðu ásigkomulagi og að felgurær séu hertar.

⚠ Hætta við notkun í halla


Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram hámarksmálgildi vélarinnar hvað varðar brekkur upp í móti, niður í móti eða til hliðar. Málgildi halla á einungis við um vélar í frágenginni stöðu.

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða	
Pallur niður á við	35% (19°)
Pallur upp í mót	35% (19°)
Hliðarhalli	25% (14°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla. Sjá Akstur í halla í kafla með notkunarleiðbeiningum.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Fallhætta



Starfsmenn á palli verða að vera með öryggisbelti eða -ólar og fylgja viðeigandi opinberum reglugerðum. Festu dragreipi við akkerið sem fylgir á pallinum.



Ekki sitja á, standa á eða klifra í handriði pallsins. Haltu alltaf góðri fótfestu á gólfi pallsins.



Ekki klifra niður úr pallinum þegar hann er á lofti.


Haltu gólfi pallsins lausu við rusl.

Láttu miðteininn í hliði pallsins síga eða lokaðu inngangshliðinu fyrir notkun.

Ekki fara upp á eða af pallinum nema vélin sé í frágenginni stöðu og pallurinn við jörðu.

Tekið hefur verið tillit til hættu sem tengist þeirri notkun vörunnar að fara úr henni í hæð við hönnun vélarinnar, hafðu samband við Genie til að fá frekari upplýsingar (sjá kaflann Samband haft við framleiðanda).

⚠ Árekstrarhætta



Gættu þín á takmarkaðri útsýnisfjarlægð og blindsvæðum þegar ekið er eða unnið.

Gættu að stöðu bómu þegar snúanlega hlutanum er snúið.



Hugaðu að fyrirstöðum uppi yfir vinnusvæðinu eða annarri mögulegri hættu.



Gættu þín á hættunni á því að klemma þig þegar þú grípur um handrið pallsins.

Stjórnendur verða að fylgja reglum atvinnurekanda, vinnusvæðis og hins opinbera hvað varðar notkun persónuhlífa.

Öryggi á vinnusvæði

Fylgdu og notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum við aksturs- og stýringaraðgerðir.



Ekki láta bómuna síga nema ekkert starfsfólk og engar fyrirstöður séu á svæðinu fyrir neðan.



Takmarkaðu akstursshraða í samræmi við ástand yfirborðs jarðar, þrengsli, halla, staðsetningu starfsfólks og alla aðra þætti sem kunna að valda árekstri.

Ekki nota bómuna í slóð neins krana nema stjórntækjum kranans hafi verið læst og/eða gripið til varúðaraðgerða til að koma í veg fyrir hugsanlegan árekstur.

Engan áhættuakstur eða ærsl þegar vélin er notuð.

⚠ Hætta á líkamstjóni

Notaðu ávallt vélina í vel loftræstu rými til að koma í veg fyrir kolmónoxíðeitrun.

Ekki nota vélina ef um er að ræða leka á glussa eða lofti. Leki á lofti eða glussa getur farið í gegnum og / eða brennt húðina.

Röng snerting við íhluti undir hvaða hlíf sem er veldur alvarlegum meiðslum. Aðeins þjálfað viðhaldsstarfsfólk ætti að opna hólf. Aðgangur stjórnanda er aðeins ráðlagður þegar skoðun fyrir notkun er framkvæmd. Öll hólf verða að vera lokuð og læst meðan á notkun stendur.

⚠ Sprengihætta og eldhætta

Ræstu ekki vélina ef lykt eða önnur merki eru um fljótandi jarðolíugas (LPG), bensín, dísilolíu eða önnur sprengifim efni.

Dældu ekki eldsneyti á vélina á meðan hún er í gangi.

Aðeins skal setja eldsneyti á vélina og hlaða rafgeyma hennar í vel loftræstu rými fjarri neistum, logum og logandi tóbaki.

Ekki nota vélina eða hlaða rafgeyminn á hættulegum stöðum eða stöðum þar sem mögulega eru eldfimar lofttegundir eða efnisagnir.

Ekki úða eter í vélar með glóðarkerti.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Hætta vegna skemmdrar vélar

Ekki nota skemmda eða bilaða vél.

Framkvæmdu vandlega skoðun á vélinni fyrir notkun og prófaðu allar aðgerðir fyrir hver vaktaskipti. Merktu samstundis skemmda eða bilaða vél og taktu hana úr notkun.

Vertu viss um að allt viðhald hafi verið framkvæmt eins og tiltekið er í þessari handbók og þjónustuhandbók fyrir Genie.

Vertu viss um að allir límmiðar séu á sínum stað og læsilegir.

Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi vélarinnar.

⚠ Hætta vegna skemmdra íhluta

Notaðu ekki rafgeymi eða hleðslutæki með meiri spennu en 12 V til að ræsa vélina.

Ekki nota vélina sem undirlag fyrir rafsuðu.

Ekki nota vélina við aðstæður þar sem mjög öflugt segulsvið getur verið til staðar.

⚠ Öryggi rafgeymis

Hætta á bruna



Rafgeymar innihalda sýru. Alltaf skal vera í hlífðarfatnaði og með augnhlífar þegar unnið er við rafgeyma.

Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

Sprengihætta



Haltu neistum, logum og logandi tóbaki frá rafgeymum. Rafgeymar gefa frá sér sprengifimt gas.





⚠ Hætta á raflosti

Forðastu snertingu við rafskaut.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggisatriði varðandi snertiviðvörun

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja snertiviðvöruninni.

Farðu ekki umfram burðargetu pallsins. Þyngd snertiviðvörunarbúnaðarins mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að draga hana frá heildarálagi á pall.

Snertiviðvörunarbúnaðurinn vegur 10 lb/4,5 kg.

Ganga skal úr skugga um að snertiviðvörunin sé kirfilega frágengin.

⚠ Öryggi suðutækis

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja aflgjafa fyrir suðu.

Tengdu ekki suðuleiðslur eða kapla nema slökkt sé á aflgjafa fyrir suðu með stjórntækjum palls.

Ekki nota nema suðuleiðslur séu rétt tengdar og að suðutækið sé jarðtengt.

Þyngd suðutækisins mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall. Aflgjafi suðutækisins vegur 75 pund/34 kg.

Ekki nota suðutækið nema slökkvitæki sé tiltækt og tilbúið til notkunar.

Öryggi á vinnusvæði

⚠ Öryggi röragrinda

Lestu, skildu og fylgdu öllum viðvörunum og leiðbeiningum sem fylgja röragrindunum.

Farðu ekki umfram burðargetu pallsins. Röragrindurnar og þyngd röra í þeim mun lækka hámarksburðargetu pallsins og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

Röragrindurnar vega 21 lb/9,5 kg.

Hámarksburðargeta röragrindanna er 200 lb/91 kg.

Þyngd röragrindanna og röranna í þeim kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

Hafðu farminn sem næst miðju pallsins.

Festu farminn við pallinn.

Hindraðu ekki inngang eða útgang af pallinum.

Hindraðu ekki möguleika á að nota stjórntæki pallsins eða rauða neyðarstöðvunarhnappinn.

Ekki nota nema hafa hlotið nægilega þjálfun og að öll hætta af hreyfingum pallsins með yfirhangandi byrði sé ljós.

Ekki valda láréttum krafti eða hliðarálagi á vélina með því að lyfta fastri eða yfirhangandi byrði eða láta hana síga.

Hætta á raflosti: Haltu rörum frá öllum rafleiðandi hlutum undir spennu.

Frágangur eftir hverja notkun


1 Veldu örugga staðsetningu til að leggja vélinni – traustan, láréttan flöt, lausan við fyrirstöður og umferð.

2 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

3 Snúðu snúningshlutanum þar til bóman er mitt á milli hjólanna hringmegin.

4 Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að fyrirbyggja óheimila notkun.


Skýringartexti



1 Ferningsmerkt dekk
2 Stjórntæki á jörðu niðri
3 Bóma
4 Klýfurbóma
5 Pallur
6 Dekk hringmegin
7 Stjórntæki palls
8 Miðteinn sem rennur til
9 Geymsluílát handbókar
10 Tengistaður fyrir dragreipið
11 Fótrofi

Stjórntæki

Stjórntækin á jörðu niðri skal nota til að hækka pallinn fyrir geymslu og aðgerðapróf. Hægt er að nota stjórntækin á jörðu niðri í neyðartilvikum til að bjarga óstarfhæfum einstaklingi á pallinum. Þegar stjórntækin á jörðu niðri eru valin eru stjórntæki pallsins óstarfhæf, þar á meðal E-stöðvunarrofinn.



Stjórnborð á jörðu niðri

1 LCD-upplýsingaskjár
2 Valhnappur fyrir vélarhraða
3 Rauður neyðarstöðvunarhnappur
4 Hnappur fyrir glóðarkerti
5 Lykilrofi til að velja slökkt/jörð/pallur
6 Ræsihnappur vélar
7 Hnappar til að hækka/lækka pall
8 Hnappar til að hækka/lækka klýfurbómu
9 Hnappur til að setja út/draga inn bómu
10 20 A útsláttarrofi fyrir stjórnkerfi
11 Viðvörun
12 Hjáveitu-/endurheimtarlykilrofi
13 Hnappur til að snúa palli til hægri
14 Hnappur til að snúa palli til vinstri
15 Hnappur til að snúa klýfurbómu til hægri
16 Hnappur til að snúa klýfurbómu til vinstri
17 Hnappur til að virkja hraðar aðgerðir
18 Hnappur til að virkja hægar aðgerðir
19 Hnappur til að snúa snúningshluta til vinstri
20 Hnappur til að snúa snúningshluta til hægri
21 Varaaflrofi
22 Hnappar til að hækka/lækka bómu
23 Stjórntakkar LCD-skjás
24 Merking fyrir snúning klýfurbómu (vinnslufæribreytur)
25 EAT-bilunarljós
26 Hreinsunarljós

Stjórntæki

Stjórnborð á jörðu niðri

1 LCD-upplýsingaskjár



a gaumljós um lítið eldsneyti
b gaumljós um olíuþrýsting í vél
c gaumljós um hitastig vatns
d gaumljós um vararafmagn
e gaumljós um snúningshraða vélar
f klukkustundamælir

2 Valhnappur fyrir vélarhraða

Ýttu á valhnapp fyrir vélarhraða til að velja vélarhraða. Þegar kviknar á örinni fyrir ofan kanínuna er vélin í hröðum lausagangi. Þegar kviknar á örinni fyrir ofan skjaldbökuna er vélin í hægum lausagangi.

3 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.

4 Hnappur fyrir glóðarkerti (ef handvirk glóðarkerti eru til staðar)

Ýttu á hnappinn fyrir glóðarkerti og haltu honum inni í 3 til 5 sekúndur.

5 Lykilrofi til að velja slökkt/jörð/pallur

Snúðu lyklinum í af-stöðu til að slökkva á vélinni. Snúðu lyklinum í jarðstöðu til að virkja stjórntæki á jörðu niðri. Snúðu lyklinum í pallstöðu til að virkja stjórntæki á palli.

6 Ræsihnappur vélar

Ýttu á ræsihnapp vélar til að ræsa vélina.

7 Hnappar til að hækka/lækka pall

Ýttu á upphnapp pallsins og pallurinn hækkar. Ýttu á niðurhnapp pallsins og pallurinn lækkar.

8 Hnappar til að hækka/lækka klýfurbómu

Ýttu á hnapp fyrir klýfurbómu upp og klýfurbóman lyftist. Ýttu á hnapp fyrir klýfurbómu niður og klýfurbóman lækkar.

9 Hnappur til að setja út/draga inn bómu

Ýttu á hnapp til að setja út bómu og bóman ýtist út. Ýttu á hnapp til að draga inn bómu og bóman dregst inn.

10 20 A útsláttarrofi fyrir stjórnkerfi

11 Viðvörun

12 Hjáveitu-/endurheimtarlykilrofi

Hjáveitustaða lykils sem á einungis að nota til að jafna stöðu palls ef skjár stjórntækja á jörðu niðri sýnir að pallurinn sé ójafn (P22) og stjórntæki til að jafna pall virka ekki. Sjá notkunarleiðbeiningar.

Einungis þjálfað starfsfólk með tilskildar heimildir ætti að nota endurheimtarstöðu lykils.

Stjórntæki

13 Hnappur til að snúa palli til hægri

Ýttu á hnappinn til að snúa pallinum til hægri og pallurinn snýst til hægri.

14 Hnappur til að snúa palli til vinstri

Ýttu á hnappinn til að snúa pallinum til vinstri og pallurinn snýst til vinstri.

15 Hnappur til að snúa klýfurbómu til hægri

Ýttu á hægrihnapp fyrir klýfurbómu og klýfurbóman færist til hægri.

16 Hnappur til að snúa klýfurbómu til vinstri

Ýttu á vinstrihnapp fyrir klýfurbómu og klýfurbóman færist til vinstri.

17 Hnappur til að virkja hraðar aðgerðir

Haltu inni hnappi til að virkja hraðar aðgerðir svo aðgerðir á stjórnborði á jörðu niðri virki á miklum hraða.

18 Hnappur til að virkja hægar aðgerðir

Haltu inni hnappi til að virkja hægar aðgerðir svo aðgerðir á stjórnborði á jörðu niðri virki á litlum hraða.

19 Hnappur til að snúa snúningshluta til vinstri

Ýttu á hnappinn til að snúa snúningshluta til vinstri og snúningshlutinn snýst til vinstri.

20 Hnappur til að snúa snúningshluta til hægri

Ýttu á hnappinn til að snúa snúningshluta til hægri og snúningshlutinn snýst til hægri.

21 Varaaflrofi

Notaðu varaafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bregst. Haltu varaaflrofanum inni þegar aðgerð er valin.

22 Hnappar til að hækka/lækka bómu

Ýttu á hnapp fyrir bómu upp og bóman lyftist. Ýttu á hnapp fyrir bómu niður og bóman lækkar.

23 Stjórntakkar LCD-skjás

24 Merking fyrir snúning klýfurbómu (vinnslufæribreytur)

Ef aðgerðin til að snúa klýfurbómu til hægri er notuð stöðugt blikkar ör fyrir ofan merkinguna um snúning klýfurbómu. Snúðu klýfurbómu til vinstri til að halda áfram.

Það blikkar engin ör fyrir snúning klýfurbómu til hægri. Snúðu klýfurbómu til hægri til að halda áfram.


25 EAT-bilunarljós

EAT-bilunarljósið gefur til kynna að það sé vandamál með kerfið Útblástur eftir meðferð. Hafðu samband við þjónustuaðila.

26 Hreinsunarljós


Þegar hreinsunarljósið blikkar skaltu framkvæma ferlið fyrir DPF-kyrrstöðuhreinsun eins og talað er um í kaflanum „Notkun frá palli“ í þessari handbók.

Stjórntæki



Stjórnborð palls

Stjórntæki



Stjórntæki

Stjórnborð palls

1 Flautuhnappur

Ýttu á þennan hnapp til að flauta. Slepptu hnappinum til að hætta að flauta.

2 Gaumljós þegar pallur er ekki láréttur

Jafnaðu pallinn þar til ljósið slokknar. Jafnvægisveltirofinn virkar bara í áttina til að jafna pallinn.

3 Gaumljós um vél í halla

Kveikt ljós merkir að öll virkni hefur stöðvast. Sjá leiðbeiningar í kafla með notkunarleiðbeiningum.

4 Gaumljós fyrir lækkun bómu

Lækkaðu bómuna þar til ljósið slokknar.

5 Gaumljós fyrir að hækka/draga inn bómu

Hækkaðu/dragðu inn bómuna þar til ljósið slokknar.

6 Notað fyrir valbúnað

7 Rofi fyrir rafal með gaumljósi

Færðu rofa fyrir rafal til að kveikja á rafalnum. Færðu rofann aftur til að slökkva á rafalnum.

8 Vararafmagnsrofi með gaumljósi

Notaðu varaafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bilar. Stígðu á fótrofann á meðan þú færir varaaflrofann og virkjaðu aðgerðina. Gaumljósið logar þegar vararafmagnið er notað.

9 Dísilvélar: Hnappur fyrir glóðarkerti með gaumljósi

Ýttu á hnappinn fyrir glóðarkerti og haltu honum inni í 3 til 5 sekúndur. Gaumljós fyrir glóðarkerti kviknar þegar verið er að nota glóðarkertin.

Dísilvélar: Gaumljós fyrir sjálfvirk glóðarkerti

Gulbrúnt ljós gefur til kynna að kveikt sé á glóðarkertum.

Bensín/LPG vélar: Hnappur fyrir innsog með gaumljósi

Ýttu á innsogshnappinn og haltu honum inni í 3 til 5 sekúndur. Innsogsgaumljósið logar þegar innsogið er notað.

10 Ræsihnappur vélar með gaumljósi

Færðu ræsihnapp vélar til að ræsa vélina. Gaumljósið fyrir ræsingu vélar blikkar á meðan vélin ræsist og logar þegar hún er komin í gang.

Stjórntæki

11 Valhnappur fyrir lausagang vélar með gaumljósi



Færðu þennan rofa til að velja lausagang vélar. Ef kveikt er á kanínumerkinu er hraður lausagangur valinn. Ef kveikt er á skjaldbökumerkinu er hægur lausagangur valinn.

12 Merking fyrir snúning klýfurbómu (vinnslufæribreytur)

Ef aðgerðin til að snúa klýfurbómu til hægri er notuð stöðugt fer gaumljós fyrir snúning bómu að blikka. Snúðu klýfurbómu til vinstri til að halda áfram.

Það blikkar ekkert gaumljós fyrir snúning klýfurbómu til vinstri. Snúðu klýfurbómu til hægri til að halda áfram.

13 Gaumljós fyrir ofhleðslu palls

Leiftrandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn. Ef vélin er í lækkaðri akstursstöðu eru vél og aðgerðir virkar. Ef vélin er ekki í lækkaðri akstursstöðu mun vélin stöðvast og engar aðgerðir virka.

Fjarlægðu þyngd þar til ljósið slokknar þegar vélin er ekki í lækkaðri akstursstöðu og endurræstu svo vélina.

14 Aflljós

Logandi ljós gefur til kynna að kveikt sé á vélinni.

15 Gáðu að vélargaumljósinu

Logandi ljós bendir til vélarbilunar.

16 Gaumljós um lítið eldsneyti

Logandi ljós gefur til kynna að vélina vanti eldsneyti.

17 Villugaumljós

Logandi ljós bendir til bilunar í kerfinu.

18 Rauður neyðarstöðvunarhnappur

Ýttu rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðu til að stöðva alla virkni og slökkva á vélinni. Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna til að nota vélina.


Stjórntæki

19 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang fyrir aksturs- og stýringaraðgerðir
EÐA
Hlutfallsstýringarhandfang fyrir akstursaðgerð og þumalveltirofi fyrir stýringaraðgerð.

Færðu stýringarhandfangið í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar og vélin ekur áfram. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem gula örin vísar og vélin ekur aftur á bak. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem blái þríhyrningurinn vísar og vélin beygir til vinstri. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem guli þríhyrningurinn vísar og vélin stýrir til hægri.
EÐA
Færðu stýringarhandfangið í áttina sem bláa örin á stjórnborðinu vísar og vélin ekur áfram. Færðu stýringarhandfangið í áttina sem gula örin vísar og vélin ekur aftur á bak. Ýttu á vinstri hlið þumalveltirofans og vélin beygir til vinstri. Ýttu á hægri hlið þumalveltirofans og vélin beygir til hægri.

20 Valhnappur fyrir stýringu með gaumljósi

Færðu valrofann fyrir stýringu til að velja stýringarstillingu. Gaumljós við hliðina á núverandi stillingu logar.



21 Tvíöxla hlutfallsstýringarhandfang til að stýra klýfurbómu upp/niður og snúningshluta til vinstri/hægri

Færðu stýringarhandfangið upp og klýfurbóman lyftist. Færðu stýringarhandfangið niður og klýfurbóman lækkar.




Færðu stýringarhandfangið til vinstri og klýfurbóman snýst til vinstri. Færðu stýringarhandfangið til hægri og klýfurbóman snýst til hægri.



Stjórntæki

22 Valhnappur fyrir akstur með gaumljósi



Færðu valrofann fyrir akstur til að velja akstursstillingu. Gaumljós við hliðina á núverandi stýringarstillingu logar.

Tákn um að vél sé í halla: Takmörkuð vinna í halla.


Tákn um að vél sé á jafnsléttu: Hámarksvinna fyrir hámarks akstushraða.

23 Virkni eins öxuls hlutfallsstýringarhandfangs til að setja út/draga inn bómu



Færðu stýringarhandfangið niður og bóman ýtist út. Færðu stýringarhandfangið upp og bóman dregst inn.

24 Valhnappur stækka/draga inn öxul með gaumljósi



Færðu valrofann fyrir öxul til að velja öxulsstillingu. Gaumljósin fyrir stækkun og minnkun blikka á meðan öxlarnir eru á ferð. Gaumljósið fyrir stækkun öxuls logar þegar öxlarnir eru dregnir út að fullu. Gaumljósið fyrir stækkun öxuls logar þegar öxlarnir eru dregnir út að fullu.

25 Akstursvirkjunarrofi með gaumljósi



Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafa hreyfst framhjá hringmerktu hjóli og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð. Til að aka skal hreyfa akstursvirkjunarrofa og færa akstursstýringarhandfangið hægt út frá miðjunni. Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórnkassa pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Stjórntæki

26 Virkni tvíöxla hlutfallsstýringarhandfangs fyrir bómu upp/niður og til að snúa snúningshluta til vinstri/hægri

Færðu stýringarhandfangið upp og bóman lyftist. Færðu stýringarhandfangið niður og bóman lækkar.



Færðu stýringarhandfangið til vinstri og snúningshlutinn snýst til vinstri. Færðu stýringarhandfangið til hægri og snúningshlutinn snýst til hægri.



27 Snúningsrofi palls

Færðu snúningsrofa palls til vinstri og pallurinn snýst til vinstri.
Færðu snúningsrofa palls til hægri og pallurinn snýst til hægri.



28 Jafnvægisrofi palls

Færðu jafnvægisrofa pallsins upp og pallurinn hækkar. Færðu jafnvægisrofa pallsins niður og pallurinn lækkar.



Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

Þekktu og skildu skoðun fyrir notkun áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði skoðunar fyrir notkun

Það er á ábyrgð stjórnanda að framkvæma skoðun fyrir notkun og hefðbundið viðhald.

Skoðun fyrir notkun er sjónræn skoðun, framkvæmd af stjórnandanum fyrir hver vaktaskipti. Skoðunin er hönnuð til að greina hvort eitthvað gæti verið að vélinni áður en notandinn gerir virkniprófanir á henni.

Skoðun fyrir notkun þjónar einnig þeim tilgangi að ákvarða hvort þörf sé á hefðbundnu viðhaldsferli. Stjórnandi getur aðeins framkvæmt hefðbundna viðhaldsþætti sem tilgreindir eru í þessari handbók.

Skoðaðu listann á næstu síðu og merktu við hvert atriði.

Ef skemmdir eða önnur óheimil frávik frá verksmiðjuafhentu ástandi uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun.

Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknilýsingu framleiðanda. Eftir að viðgerð er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun aftur áður en hann fer í virkniprófin.

Tæknimenn með tilskilin réttindi skulu sinna reglubundinni viðhaldsskoðun, eins og tilgreint er af framleiðanda.

Skoðanir

Skoðun fyrir notkun

- ❑ Vertu viss um að handbók stjórnanda sé heil, læsileg og í geymsluhólfi pallsins.
- ❑ Gakktu úr skugga um að allir límmiðar séu til staðar og læsilegir. Sjá kafla um skoðanir.
- ❑ Athugaðu með glussaleka og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Kannaðu hvort rafgeymavökvi leki og hvort hann sé nægur. Bættu eimuðu vatni við ef þarf. Sjá kafla um viðhald.
- ❑ Athugaðu með olíuleka frá vél og rétta olíustöðu. Bættu olíu á ef þarf. Sjá kaflann um viðhald.
- ❑ Athugaðu með leka á kælivökva frá vél og rétta kælivökvastöðu. Bættu við kælivökva ef þarf. Sjá kaflann um viðhald.

Athugaðu með skemmdir, ranglega uppsetta hluti eða hluti sem vantar og óheimilar breytingar á eftirfarandi íhlutum eða svæðum:

- ❑ Rafmagnsíhlutir, leiðslur og rafmagnskaplar
- ❑ Glussaslöngur, festingar, tjakkar og greinar
- ❑ Eldsneytis- og glussageymar
- ❑ Aksturs- og snúningsmótor og drifnafir
- ❑ Slitpúðar
- ❑ Dekk og felgur
- ❑ Vél og tengdir hlutir
- ❑ Takmarkarofar og flauta
- ❑ Snúningsskynjari
- ❑ Stýris- og öxulsskynjarar
- ❑ Viðvörunarljós og snúningsljós (ef fylgir)
- ❑ Rær, boltar og aðrar festingar
- ❑ Miðteinn eða hlið palls
- ❑ Tengistaður fyrir dragreipið

Athugaðu alla vélina með tilliti til:

- ❑ Sprungna í suðu eða íhlutum samsetningar
- ❑ Dælda eða skemmda á vél
- ❑ Of mikils ryðs, tæringar eða oxunar

- ❑ Vertu viss um að allar burðareiningar og annar nauðsynlegur búnaður sé til staðar og að allar festingar og pinnar séu á sínum stað og vel festar.
- ❑ Eftir að skoðun lýkur skal gæta þess að allar hlífar fyrir hólfum séu á sínum stað og kræktar.

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

Þekktu og skildu virkniprófin áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði í virkniprófun

Virkniprófunum er ætlað að hjálpa stjórnandanum að uppgötva allar bilanir áður en vélin er tekin í notkun. Stjórnandinn verður að fylgja leiðbeiningunum skref fyrir skref til að prófa alla virkni vélarinnar.

Aldrei má nota bilaða vél. Ef bilanir uppgötvast verður að merkja vélina og taka hana úr notkun. Aðeins viðurkenndur þjónustutæknimaður má gera við vélina, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda.

Eftir að viðgerðum er lokið verður stjórnandinn að framkvæma skoðun fyrir notkun og virkniprófa aftur áður en vélin er tekin í notkun.

Skoðanir

Stjórntæki á jörðu niðri

1 Veldu prófunarsvæði sem er traust, slétt og laust við hættur.

2 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

3 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í á-stöðu.

⊙ Niðurstaða: Snúningsljósin (ef til staðar) ættu að leiftra.

4 Ræstu vélina. Sjá kafla með notkunarleiðbeiningum.

Prófun neyðarstöðvunar

5 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að stöðvast og engar aðgerðir ættu að virka.

6 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðu og endurræstu vélina.

Prófaðu stækkanlegu öxlana

Ath.: Hefjið þetta próf þegar öxlar eru dregnir inn.

7 Við stjórntæki á jörðu niðri skaltu halda inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýta á upphnapp bómu.

⊙ Niðurstaða: Bóman ætti að hækka um u.þ.b. 10° og nema svo staðar. Örin við hliðina á merkinu fyrir stækkun öxuls á LCD-skjánum blikkar. Bóman ætti ekki að lyftast nema öxlarnir hafi verið stækkaðir.

8 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnapp til að færa út bómu.

⊙ Niðurstaða: Bóman ætti að færast út um 30 cm/1 fet og nema svo staðar. Örin við hliðina á merkinu fyrir stækkun öxuls á LCD-skjánum blikkar. Bóman ætti ekki að lyftast nema öxlarnir hafi verið stækkaðir.

9 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnappinn til að snúa snúningshluta til vinstri.

⊙ Niðurstaða: Snúningshlutinn ætti að snúast um u.þ.b. 40° og nema svo staðar. Snúningshlutinn ætti ekki að snúast um meira en 40° nema öxlarnir hafi verið stækkaðir.

10 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnappinn til að snúa snúningshluta til hægri.

⊙ Niðurstaða: Snúningshlutinn ætti að fara aftur að miðju, snúast 40° til hægri og nema svo staðar. Snúningshlutinn ætti ekki að snúast um meira en 40° nema öxlarnir hafi verið stækkaðir.

11 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins. Við stjórntæki á palli skaltu ýta stýringarhandfangi áfram og hreyfa veltirofa til að stækka öxul.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka og öxlarnir að færast út. Gaumljósin fyrir stækkun og minnkun blikka á meðan öxlarnir eru á ferð og ljósið fyrir stækkun öxuls logar þegar öxlarnir eru dregnir út að fullu.

12 Farðu aftur að stjórntækjum á jörðu niðri. Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

13 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á upphnapp bómu og svo á niðurhnapp bómu.

⊙ Niðurstaða: Bóman ætti að hækka og lækka eðlilega.

14 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnappinn til að setja út bómu og draga inn bómu.

⊙ Niðurstaða: Bóman ætti að færast út og dragast inn eðlilega.

15 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnappinn til að snúa snúningshluta til vinstri og hnappinn til að snúa snúningshluta til hægri.

⊙ Niðurstaða: Snúningshlutinn ætti að snúast eðlilega.

Prófa aðgerðir vélar

16 Ekki halda inni virkjunar-/hraðavalhnappi. Reyndu að virkja hvern hnapp fyrir aðgerðir bómu og palls.

⊙ Niðurstaða: Engar bómu- og pallaðgerðir ættu að virka.

17 Haltu inni hnappi til að virkja aðgerðir og virkjaðu hnappa sem stjórna bómu og palli.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir bómu og palls ættu að virka heila hringrás. Lækkunaraðvörunin ætti að hljóma á meðan bóman er látin síga.

Prófa varaafl

18 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum til að slökkva á vélinni.

19 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

20 Haltu inni varaaflshnappinum um leið og þú ýtir á hvern hnapp til að stjórna bómu.



Ath.: Til að spara rafmagn á rafgeymum ætti að prófa hverja aðgerð gegnum hluta af hringrás.

⊙ Niðurstaða: Allar bómuaðgerðir ættu að virka.

21 Ræstu vélina.

Skoðanir

Prófa hallaskynjarann

22 Ýttu á einhvern stjórntakka LCD-skjás þar til TURNTABLE LEVEL SENSOR X-DIRECTION (HÆÐARNEMI SNÚANLEGS HLUTA X-STEFNA) birtist.




⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að birta hallann í gráðum.

23 Ýttu á stjórntakka LCD-skjás þar til TURNTABLE LEVEL SENSOR Y-DIRECTION (HÆÐARNEMI SNÚANLEGS HLUTA Y-STEFNA) birtist.

⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að birta hallann í gráðum.

24 Ýttu á stjórntakka LCD-skjás þar til PLATFORM LEVEL SENSOR DEGREES (HÆÐARSKYNJARI PALLS GRÁÐUR) birtist.

⊙ Niðurstaða: LCD-skjárinn ætti að birta hallann í gráðum.

Prófaðu vinnslufæribreytur

25 Ýttu samtímis á stjórnhnappana tvo á LCD-skjánum til að kveikja á stöðustillingu.




26 Ýttu á einhvern stjórntakka LCD-skjás þar til PRIMARY ANGLE DEGREES (AÐALHORN GRÁÐUR) birtist.




27 Hækkaðu bómuna og fylgstu með LCD-skjánum.

⊙ Niðurstaða: Á LCD-skjánum birtist staða bómunnar í gráðum.

28 Ýttu á einhvern stjórntakka LCD-skjás þar til LENGTH SENSOR EXTENSION INCHES (LENGDARSKYNJARI FRAMLENGING TOMMUR) birtist.




29 Færðu bómuna út og fylgstu með LCD-skjánum.

⊙ Niðurstaða: Á LCD-skjánum birtist lengd spilsins.

30 Dragðu inn bómuna.

Prófaðu hámarkssnúning klýfurbómu

31 Við stjórntæki á jörðu niðri skaltu halda inni virkjunarhnappi og ýta á hnappinn til að snúa klýfurbómu til hægri eða hnappinn til að snúa klýfurbómu til vinstri. Snúðu klýfurbómunni svo hún sé bein miðað við bómuna.


32 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi og ýttu á hnapp til að færa út bómu. Ýttu bómunni út um u.þ.b. 91,4 cm/3 fet.

33 Snúðu bómunni til hægri.

⊙ Niðurstaða: Snúningur klýfurbóma ætti að stöðvast 30° frá miðlínu bómunnar.

34 Snúðu bómunni til vinstri.

⊙ Niðurstaða: Snúningur klýfurbóma ætti að stöðvast 30° frá miðlínu bómunnar.



Klýfurbómu snúið til vinstri Klýfurbómu snúið til hægri

Við stjórntæki pallsins

Prófun neyðarstöðvunar

35 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

36 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að stöðvast og engar aðgerðir ættu að virka.

37 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn og endurræstu vélina.

Prófa flautuna

38 Ýttu á flautuhnappinn.

⊙ Niðurstaða: Flautan ætti að hljóma.

Prófaðu hallaskynjaraaðvörunina

39 Færðu veltirofa, t.d. valrofa fyrir lausagang vélar.

⊙ Niðurstaða: Hljóðmerki ætti að heyrast við stjórntæki pallsins.

Skoðanir

Prófa fótrofann

40 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum í af-stöðuna.

41 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðu en ræstu ekki vélina.

42 Stígðu á fótrofann og reyndu að ræsa vélina með því að hreyfa ræsirofann til annarrar hvorrar hliðarinnar.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti ekki að fara í gang.

43 Stígðu ekki á fótrofann og endurræstu vélina.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að fara í gang.

44 Ekki stíga á fótrofann og prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Engin aðgerð ætti að virka.

Prófa aðgerðir vélar

45 Stígðu á fótrofann.

46 Virkjaðu hvert stillingarhandfang, veltirofa eða þumalveltirofa.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir ættu að virka heila hringrás.

Prófaðu hámarkssnúning klýfurbómu

47 Stígðu á fótrofann.

48 Ýttu bómunni út um u.þ.b. 91,4 cm/3 fet.

49 Færðu tvöfalda hlutfallsstýringarhandfangið til hægri.


⊙ Niðurstaða: Snúningur klýfurbóma ætti að stöðvast 30° frá miðlínu bómunnar.

50 Færðu tvöfalda hlutfallsstýringarhandfangið til vinstri.

⊙ Niðurstaða: Snúningur klýfurbóma ætti að stöðvast 30° frá miðlínu bómunnar.

Prófa stýringuna

51 Færðu valrofann fyrir stýringu og veldu ferningsmerkta stýringu (bláu örina).



52 Stígðu á fótrofann.

53 Færðu aksturssstýringarhandfangið hægt í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem blái þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á ferningsmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem bláu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á.

54 Færðu stýringarhandfangið hægt í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á ferningsmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem guli þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

55 Færðu valrofann fyrir stýringu og veldu hringmerkta stýringu (gulu örina).



56 Stígðu á fótrofann.


57 Færðu stýringarhandfangið hægt í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á hringmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem blái þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

58 Færðu aksturssstýringarhandfangið hægt í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem blái þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á hringmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem gulu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á.

59 Færðu valrofann fyrir stýringu og veldu krabbastýringu.



60 Stígðu á fótrofann.

61 Færðu aksturssstýringarhandfangið hægt í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem blái þríhyrningurinn vísar í.


⊙ Niðurstaða: Öll hjólin ættu að beygja í þá átt sem bláu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á.

Skoðanir

62 Færðu stýringarhandfangið hægt í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Öll hjólin ættu að beygja í þá átt sem gulu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á.

63 Færðu valrofann fyrir stýringu og veldu samræmda stýringu.



64 Stígðu á fótrofann.

65 Færðu akstursstýringarhandfangið hægt í þá átt sem blái þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem blái þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á ferningsmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem bláu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á. Hjólin á hringmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem gulu þríhyrningarnir á undirvagninum benda á.

66 Færðu stýringarhandfangið hægt í þá átt sem guli þríhyrningurinn á stjórnborðinu vísar í EÐA ýttu þumalveltirofanum í þá átt sem guli þríhyrningurinn vísar í.

⊙ Niðurstaða: Hjólin á ferningsmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem guli þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á. Hjólin á hringmerkta endanum ættu að beygja í þá átt sem blái þríhyrningurinn á undirvagninum bendir á.

Prófa akstur og hemlun

67 Stígðu á fótrofann.

68 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem bláa örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem bláa örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

69 Færðu akstursstýrihandfangið hægt í þá átt sem gula örin í stjórnborðinu gefur til kynna þar til vélin byrjar að hreyfast, þá skaltu láta handfangið snúa aftur í miðstöðuna.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að hreyfast í þá átt sem gula örin á undirvagninum bendir í, síðan stöðvast skyndilega.

Ath.: Hemlarnir verða að geta haldið vélinni í öllum halla sem hún getur ekið upp.

Skoðanir

Prófa akstursvirkjunarkerfið

70 Stígðu á fótrofann og dragðu aðalbómuna inn í frágengna stöðu.

71 Snúðu snúanlega hlutanum þar til bóman hreyfist framhjá hringmerktu hjóli og er utan sviðsins sem sýnt er á akstursvirkjunarmerkinu.

⊙ Niðurstaða: Vísiljós fyrir akstursvirkjun ætti að kvikna og haldast logandi á meðan bóman er einhvers staðar utan við sviðið sem sýnt er.



72 Hreyfðu akstursstýringarhandfangið út frá miðjunni.


⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti ekki að virka.

73 Hreyfðu akstursvirkjunarrofa og færðu akstursstýringarhandfangið hægt út frá miðjunni.

⊙ Niðurstaða: Akstursaðgerðin ætti að virka.

Ath.: Þegar akstursvirkjunarkerfið er í notkun kann vélin að aka í gagnstæða átt við hvernig aksturs- og stýringarhandfangið er hreyft.

Notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að bera kennsl á akstursátt.



Sé stýringarhandfangið ekki hreyft innan tveggja sekúndna frá því að ýtt er á akstursvirkjunarrofann verður akstursaðgerðin óvirk.

Prófa takmarkaðan akstursHraða

74 Stígðu á fótrofann.

75 Lyftu bómunni 10° upp fyrir lárétt.

76 Færðu akstursstýringarhandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksaksturshraði sem hægt er að ná með aðalbómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 18 cm/0,6 fet á sekúndu.

Ath.: Vélin fer 12 m/40 fet á 68 sekúndum.

77 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

78 Lyftu bómunni um 1,2 m/4 fet.

79 Færðu akstursstýringarhandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksaksturshraði sem hægt er að ná með aðalbómuna á lofti ætti ekki að fara yfir 18 cm/0,6 fet á sekúndu.

Ath.: Vélin fer 12 m/40 fet á 68 sekúndum.

80 Lyftu bómunni 50° upp fyrir lárétt og færðu svo bómuna út eins langt og hún kemst.

81 Færðu akstursstýringarhandfangið hægt í fulla akstursstöðu.

⊙ Niðurstaða: Hámarksaksturshraði sem hægt er að ná með alla bómuna úti ætti ekki að fara yfir 4,5 cm/1,8 tommur á sekúndu.

Ath.: Vélin fer 12 m/40 fet á 270 sekúndum.

Skoðanir

Prófanir í halla

82 Stígðu á fótrofann.

83 Hafðu bómuna í frágenginni stöðu og aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 4,5° á Y-ási (fram og aftur).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að halda áfram að aka.

84 Farðu með vélina aftur á jafnsléttu og ýttu bómunni út um u.þ.b. 91,4 cm/3 fet.

85 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 4,5° á Y-ási (fram og aftur).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar halli undirvagns nær 4,5°.

86 Dragðu bómuna inn í frágengna stöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

87 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu bómunni 15° upp fyrir lárétt.

88 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 4,5° á Y-ási (fram og aftur).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar halli undirvagns nær 4,5°.

89 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

90 Farðu aftur á jafnsléttu og gakktu frá bómunni.

91 Stígðu á fótrofann.

92 Hafðu bómuna í frágenginni stöðu og aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 3° á X-ási (til hliða).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að halda áfram að aka.

93 Farðu með vélina aftur á jafnsléttu og ýttu bómunni út um u.þ.b. 91,4 cm/3 fet.

94 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 3° á X-ási (til hliða).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar halli undirvagns nær 3°.

95 Dragðu bómuna inn í frágengna stöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

96 Farðu aftur á jafnsléttu og lyftu bómunni 15° upp fyrir lárétt.

97 Aktu vélinni í brekku þar sem halli undirvagns er meiri en 3° á X-ási (til hliða).

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að nema staðar þegar halli undirvagns nær 3°.

98 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

⊙ Niðurstaða: Vélin ætti að aka.

99 Farðu aftur á jafnsléttu og gakktu frá bómunni.

Skoðanir

Prófaðu endurheimt jafnvægis palls

100 Stígðu á fótrofann.

101 Ýttu rofanum fyrir endurheimt jafnvægis palls upp og haltu honum þar.

102 Færðu jafnvægisrofa pallsins upp og pallurinn hækkar.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að fara í jafnvægisstöðu.

103 Færðu jafnvægisrofa pallsins niður og pallurinn lækkar.

⊙ Niðurstaða: Pallurinn á að fara í jafnvægisstöðu.

Ath.: Jafnvægisrofi palls virkar bara í þá átt sem jafnar pallinn.

Prófa varaafl

104 Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum til að slökkva á vélinni.

105 Togaðu út rauða neyðarstöðvunarhnappinn í á-stöðuna.

106 Stígðu á fótrofann.

107 Færðu og haltu inni varaaflrofanum og virkjaðu hvert stillingarhandfang, veltirofa eða þumalveltirofa.

Ath.: Til að spara rafmagn á rafgeymum ætti að prófa hverja aðgerð gegnum hluta af hringrás.

⊙ Niðurstaða: Allar bómu- og stýriaðgerðir ættu að virka.

Skoðanir

Prófaðu snertiviðvörun (ef slíkt er uppsett)

108 Ekki stíga á fótstigið og ýttu á snertiviðvörunarvírinn til að losa hreyfinn úr tenginu.

⊙ Niðurstaða: Ljós snertiviðvörunarinnar blikka ekki og flauta vélarinnar er ekki þeytt.

109 Virkjaðu fótstigið með því að stíga á það.

⊙ Niðurstaða: Ljós snertiviðvörunarinnar blikkar og flauta vélarinnar er þeytt.

110 Stingdu hreyfinum í tengið.

⊙ Niðurstaða: Það slokknar á ljósunum og flautunni.

111 Virkjaðu fótstigið með því að stíga á það og ýttu á snertiviðvörunarvírinn til að losa hreyfinn úr tenginu.

⊙ Niðurstaða: Ljós snertiviðvörunarinnar blikkar og flauta vélarinnar er þeytt.

112 Prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.


⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir vélarinnar ættu ekki að virka.

113 Stingdu hreyfinum í tengið.

⊙ Niðurstaða: Það slokknar á ljósunum og flautunni.

114 Prófaðu allar aðgerðir vélarinnar.

⊙ Niðurstaða: Allar aðgerðir vélarinnar ættu að virka.



a hreyfir
b snertiviðvörunarvír
c blikkandi viðvörunarljós
d tengi

Skoðanir



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

Þekktu og skildu skoðun á vinnustað áður en þú snýrð þér að næsta hluta.

5 Notaðu vélina aðeins eins og henni var ætlað.

Grunnatriði við skoðun á vinnusvæði

Könnun vinnustaðar hjálpar stjórnandanum að ákvarða hvort vinnustaðurinn henti fyrir örugga notkun vélarinnar. Stjórnandinn ætti alltaf að gera slíka könnun áður en hann færir vélina inn á vinnustaðinn.

Það er á ábyrgð stjórnanda að lesa og muna hætturnar á vinnustaðnum og síðan að hafa auga með þeim og forðast þær þegar hann hreyfir, setur upp og notar vélina.

Gátlisti fyrir skoðun á vinnusvæði

Gættu þín á og forðastu eftirfarandi hættulegar aðstæður:

- ❑ þverhnípi eða holur
- ❑ ójöfnur, fyrirstöður á gólfi eða rusl
- ❑ hallandi yfirborð
- ❑ óstöðugt eða hált yfirborð
- ❑ fyrirstöður í loftinu og háspennuleiðara
- ❑ hættulegar staðsetningar
- ❑ ófullnægjandi yfirborðsstuðning til að standast alla þá álagskrafta sem vélin býr yfir
- ❑ vind og veðuraðstæður
- ❑ návist starfsfólks í leyfisleysi
- ❑ aðrar mögulegar óöruggar aðstæður

Skoðanir

Skoðun límmiða með táknum

Skoðaðu myndirnar á næstu síðu til að staðfesta að límmiðar séu læsilegir og á réttum stað.


Hér fyrir neðan er númeraður listi með magni og lýsingu.

Hlutanr.	Lýsing límmiða	Magn
27204	Ör – Blá	2
27205	Ör – Gul	2
27206	Þríhyrningur – Blár	4
27207	Þríhyrningur – Gulur	4
28159	Merkimiði – Dísil	2
38149	Merkimiði – Einkaleyfi	1
44981	Merkimiði – Loftleiðsla til palls (aukabúnaður)*	2
52475	Merking – Flutningsfesting	6
65278	Varúð – Ekki stíga	6
72086	Merkimiði – Lyftipunktur	4
82481	Merkimiði – Öryggi rafgeymis/hleðslutækis	2
82487	Merkimiði – Lestu handbókina	2
82487	Merkimiði – Lestu handbókina (röragrind)*	2
97757	Merking – Glussastaða	1
97815	Merkimiði – Lækka miðtein	1
114249	Merkimiði – Veltihætta, dekk	4
114251	Merkimiði – Sprengihætta	2
114252	Merkimiði – Veltihætta, takmarkarofar	4
114473	Merkimiði – Hallaaðvörun	1
122343	Merkimiði – Endurheimt jafnvægis palls	1
133067	Merkimiði – Hætta á raflosti	3
133205	Merkimiði – Hætta á raflosti/bruna	2
161686	Merking – Leiðbeiningar um neyðarlækkun	1
161691	Merking – Málgildi halla	1
161693	Merking – Burður hjóla	4
219956	Merkimiði – Yfirálag palls	1
219958	Merkimiði – Hætta á veltu, að kremjast	1
230984	Stjórnborð á jörðu niðri	1
232978	Stjórnborð palls	1
822723	Merking – Skýringarmynd fyrir flutning	2
822724	Glær plasthlíf	1
1256420	Merking – Rafmagn til palls, 208 V / 115 V*	2
1256421	Merking – Rafmagn til palls, 110 V*	2
1256422	Merking – Rafmagn til palls, 415 V/240 V*	2
1256424	Merking – Vindmælir fyrir hættu á veltu*	1
1256425	Merkimiði – Varúð, hætta á raflosti	2
1258677	Merking – Rafmagn til palls, 240V/50Hz*	2
1258678	Merking – Rafmagn til palls, 220V/60Hz*	2
1262269	Merking – Burður hjóla, SX-150*	4
1263542	Merkimiði – Hólf opnað	5
1263544	Hjáveitulykilrofi	1
1263545	Leiðbeiningar – Hjáveitulykilrofi	1
1272242	Merkimiði – Vélarskráning/eigandaskipti	1
1278542	Merkimiði – Snertiviðvörun þyngd	1
1278982	Merkimiði – Tengi fyrir hreyfi	1
1281174	Merkimiði – Lanyard-festipunktur, fallvörn	8
1291770	Merkimiði – 108 dBA	1
1286362	Merkimiði – Hætta á því að kremjast, þjónusta	2
1296907	Viðvörun – Merkimiði, DPF- og EAT-bilun	1
1301030	Merking – Dísil, V-stig*	2
1301075	Merkimiði – Miðstilla loftslöngu (V-stig)*	1
1304217	Merkimiði – Sprengihætta (V-stig)*	1
1305382	Merkimiði - Auðkenning, V-stig*	1

Skygging gefur til kynna að límmiði sjáist ekki, sé t.d. undir hlífum.

* Þessir límmiðar eiga við um ákveðnar gerðir, valkosti eða stillingar.

Skoðanir


114252
133205
114251
28159
1256425
1263542
82481
*161693
*1262269
114249
133067
*161693
*1262269
114249
1263542
822723
28159
114251
***82487
114473
161691
161688
61098
133067
*1256424
822724
232978
219958
82487
1281174
97815
1281174
72086
65278
52475
65278
72086
52475
27207
52475
27207
65278
65278
27205
27204
114252
114252
27206
27206
52475
65278
65278
52475
52475
72086
72086
82487
72086
1291770
114252
*1256420
*1256421
*1256422
*1258677
*1258678
97757
133205
114252
1272242
1286362
*44981
1263542
1263540
1256425
230984
1256425
161686
*161693
*1262269
1263544
114249
1263545
1263542
82481
822723
1263542
133067
114249
*161693
*1262269

Notkunarleiðbeiningar



Ekki nota nema:

☑ Þú lærir og iðkir meginreglur um örugga vélarstjórnun sem finna má í þessari stjórnandahandbók.

1 Forðastu hættulegar aðstæður.

2 Framkvæmdu alltaf skoðun fyrir notkun.

3 Framkvæmdu alltaf virkniprófanir fyrir notkun.

4 Kannaðu vinnustaðinn.

5 Notaðu einungis vélina eins og henni var ætlað.

Undirstöðuatriði

Hlutinn með notkunarleiðbeiningum veitir leiðbeiningar um öll atriði sem lúta að notkun vélarinnar. Það er á ábyrgð stjórnandans að fylgja öllum öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda.

Að nota vélina við nokkuð annað en að lyfta starfsfólki, ásamt verkfærum þess og efni, upp í vinnusvæði sitt er óöruggt og hættulegt.

Aðeins sérþjálfað og viðurkennt starfsfólk ætti að fá leyfi til að nota þessa vél. Ef gert er ráð fyrir að fleiri en einn einstaklingur noti vélina á mismunandi tíma á sömu vakt, verða þeir allir að hafa réttindi til að nota vélina og þeir skulu allir fylgja öryggisreglum og leiðbeiningum í handbók stjórnanda. Það þýðir að allir nýir notendur skulu skoða vélina fyrir notkun, gera á henni virkniprófun og skoða vinnusvæðið áður en þeir nota vélina.

Notkunarleiðbeiningar

Vélin ræst

1 Snúðu lykilrofanum á stjórnborði á jörðu niðri í þá stöðu sem óskað er.


2 Gakktu úr skugga um að rauði neyðarstöðvunarhnappurinn sé togaður út í á-stöðu, bæði á stjórnborði á jörðu og palli.

Deutz-gerðir

1 Dísilgerðir með hnappi fyrir glóðarkerti: Ýttu á hnappinn fyrir glóðarkerti.

Dísilgerðir með sjálfvirkum glóðarkertum: Gulbrúnt ljós logar þegar kveikt er á glóðarkertum.

2 Færðu ræsirofa vélarinnar til annarrar hvorrar hliðar. Hægt er að færa ræsihnapp vélar hvenær sem er á meðan kveikt er á glóðarkertunum. Ef vélin fer ekki í gang, eða drepst á henni, gerir ræsivarinn ræsirofann óvirkan í 3 sekúndur.



Perkins-gerðir

1 Færðu rofa fyrir glóðarkerti til annarrar hvorrar hliðar og haltu inni.

2 Færðu ræsirofa vélarinnar til annarrar hvorrar hliðar. Ef vélin fer ekki í gang, eða drepst á henni, gerir ræsivarinn ræsirofann óvirkan í 3 sekúndur.

Ef vélin fer ekki í gang eftir að reynt hefur verið að ræsa hana í 15 sekúndur skal leita að bilun og gera við hana. Bíddu í 60 sekúndur áður en reynt er að ræsa að nýju.

Við kaldar aðstæður, -6°C/20°F hita eða lægri, skal hita vélina í 5 mínútur áður en hún er notuð til að koma í veg fyrir skemmdir á glussakerfi.

Við mjög kaldar aðstæður, -18°C/0°F hita eða lægri, ætti að útbúa vélarnar með kaldstartbúnaði, sem er aukabúnaður. Ef reynt er að ræsa vélina við hitastig neðan við -18°C/0°F kann að vera þörf á aukarafgeymi.

Notkunarleiðbeiningar

Neyðarstöðvun

Ýttu inn rauða neyðarstöðvunarhnappinum í af-stöðuna á stjórntækjum á jörðu niðri og palli til að stöðva allar aðgerðir og slökkva á vélinni.

Gerðu við allar aðgerðir sem virka þegar rauða neyðarstöðvunarhnappinum er ýtt inn.

Val og notkun stjórntækja á jörðu niðri hnekkir rauða neyðarstöðvunarhnappinum á pallinum.

Varaafl

Notaðu varaafl ef aðalaflgjafinn (vélin) bilar.

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntækjum á jörðu niðri eða palli.

2 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í á-stöðu.

3 Stígðu á fótrofann þegar stjórntæki eru notuð frá pallinum.

4 Haltu um leið vararafmagnsrofanum inni og virkjaðu óskaða aðgerð.




Akstursaðgerðir virka ekki á varaafli.

Til að stækka og draga inn öxla

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

2 Við stjórntæki á palli skaltu stíga á fótrofa, færa stýringarhandfangið í aðra hvora áttina og færa öxlurofann í rétta átt.



Gaumljósin fyrir stækkun og minnkun blikka á meðan öxlarnir eru á ferð. Gaumljósið fyrir stækkun öxuls logar þegar öxlarnir eru dregnir út að fullu. Gaumljósið fyrir minnkun öxuls logar þegar öxlarnir eru dregnir inn að fullu.

Aðeins er hægt að draga inn öxlana þegar bóman hefur verið lækkuð að fullu og pallurinn er á milli hjólanna á hringendanum.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun frá jörðu

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri.

2 Togaðu rauða neyðarstöðvunarhnappinn út í á-stöðu.

3 Ræstu vélina.

Til að staðsetja pall

1 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi.

2 Ýttu á viðeigandi virkjunarhnapp í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.





Aksturs- og stýringaraðgerðir eru ekki tiltækar frá stjórntækjum á jörðu niðri.

Til að snúa klýfurbómunni

1 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi.

2 Ýttu á hnappinn til að snúa klýfurbómunni til hægri.

Ef aðgerðin til að snúa klýfurbómu til hægri er notuð stöðugt blikkar ör fyrir ofan merkinguna um snúning klýfurbómu. Snúðu klýfurbómu til vinstri til að halda áfram.

3 Haltu inni virkjunar-/hraðavalhnappi.

4 Ýttu á hnappinn til að snúa klýfurbómunni til vinstri.

Það blikkar engin ör fyrir snúning klýfurbómu til hægri. Snúðu klýfurbómu til hægri til að halda áfram.

Gaumljós fyrir ofhleðslu palls

Leiftrandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn. Vélin mun stöðvast og engar aðgerðir virka.

Fjarlægðu þyngd af pallinum þar til ljósið slokknar og endurræstu svo vélina.

Ath.: Hljóðmerki heyrist á pallinum þegar ofhleðsla á sér stað og hættir þegar þyngd er fjarlægð af pallinum.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun frá palli

1 Snúðu lykilrofanum á stjórntæki pallsins.

2 Togaðu út rauðu neyðarstöðvunarhnappana bæði á jörðu niðri og á pallinum í á-stöðuna.

3 Ræstu vélina.Stígðu ekki á fótrofann þegar vélin er ræst.

Til að staðsetja pall

1 Stígðu á fótrofann.

2 Færðu viðeigandi stýrihandfang eða þumalveltirofa eða veltirofa hægt í samræmi við merkingarnar á stjórnborðinu.

Til að snúa klýfurbómunni

1 Stígðu á fótrofann.

2 Færðu tvöfalda hlutfallsstýringarhandfangið til hægri.



Ef aðgerðin til að snúa klýfurbómu til hægri er notuð stöðugt fer gaumljós fyrir snúning klýfurbómu að blikka. Snúðu klýfurbómu til vinstri til að halda áfram.

3 Stígðu á fótrofann.


4 Færðu tvöfalda hlutfallsstýringarhandfangið til vinstri.

Það blikkar ekkert gaumljós fyrir snúning klýfurbómu til vinstri. Snúðu klýfurbómu til hægri til að halda áfram.

Til að stýra

1 Stígðu á fótrofann.

2 Veldu stýringarstillingu með því að færa valrofann fyrir stillingu. Gaumljós við hliðina á núverandi stillingu logar.



3 Færðu akstursstýringarhandfangið rólega í þá átt sem blái eða guli þríhyrningurinn vísar á EÐA ýttu á þumalveltirofann ofan á akstursstýringarhandfanginu.




Notaðu litakóðuðu stefnuörvarnar á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt hjólin munu snúast.

Til að aka

1 Stígðu á fótrofann.

2 Hraði aukinn: Færðu stýripinnann hægt í áttina sem bláu eða gulu örvarnar sýna.



Dregið úr hraða: Hreyfðu akstursstýringarhandfangið hægt í átt að miðjunni.

Stöðva: Færðu akstursstýringarhandfangið í miðjuna eða slepptu fótrofanum.

Notaðu litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Akstushraði vélar er takmarkaður þegar bómur eru á lofti eða útsettar.

Notkunarleiðbeiningar

⚠ Akstur í halla

Ákvarðaðu málgildi halla upp í móti, niður í móti og hliðarhalla fyrir vélina og ákvarðaðu halla brekkunnar.



Hámarksmálgildi halla, pallur niður í móti:
35% (19°)



Hámarksmálgildi halla, pallur upp í móti:
35% (19°)



Hámarksmálgildi hliðarhalla:
25% (14°)

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla. Hugtakið klifurgeta á aðeins við um uppstillingu með mótvægið upp í móti.

Gættu þess að bóman sé fyrir neðan lárétt og að pallurinn sé milli hjólanna á hringendanum.

Færðu valrofa fyrir akstursshraða á tákn fyrir vél í halla.

Til að ákvarða halla brekku:

Mældu hallann með stafrænum hallamæli EÐA notaðu eftirfarandi aðferð.

Það sem þarf til:

- hallamál
- bein spýta, a.m.k. 1 m löng
- málband


Leggðu spýtuna í hallann.

Leggðu hallamálið ofan á neðri brún spýtunnar og lyftu endanum þar til spýtan er lárétt.

Mælið vegalengdina frá neðri brún viðarbútsins til jarðar um leið og honum er haldið láréttum.

Deildu fjarlægðinni (hæð) með lengd viðarbútsins og margfaldaðu með 100.

Dæmi:



Viðarbútur = 144 tommur (3,6 m)

Lengd =144 tommur (3,6 m)

Hæð = 12 tommur (0,3 m)

12 tommur ÷ 144 tommum = 0,083 x 100 = 8,3% halli
0,3 m ÷ 3,6 m = 0,083 x 100 = 8,3% halli

Ef hallinn er umfram hámarks tilgreindan halla og hliðarhalla verður að draga eða flytja vélina upp eða niður hallann. Sjá kafla um flutning og lyftingu.

Notkunarleiðbeiningar

Virkjunarstillingar hallaskynjara

Gerð	Halli undirvagns (fram og aftur)	Hámarkshæð	Hámarksseiling
SX-150	1.5°	139 ft 42.4 m	68 ft 20.7 m
	5°	113 ft 34.4 m	68 ft 20.7 m
	-1.5°	139.2 ft 42.4 m	67 ft 20.4 m
	-5°	120 ft 36.6 m	66 ft 20.1 m
SX-180	1.5°	139 ft 42.4 m	68 ft 20.7 m
	5°	113 ft 34.4 m	68 ft 20.7 m
	-1.5°	139.2 ft 42.4 m	67 ft 20.4 m
	-5°	120 ft 36.6 m	66 ft 20.1 m



Þegar gaumljós fyrir vél í halla er kveikt og hallaaðvörunin hljómar hefur það áhrif á eftirfarandi eiginleika; slökkt er á akstursaðgerðum.

Fylgdu ferlinu til að láta bómuna síga (sjá notkunarleiðbeiningar) til að kveikja aftur á akstursaðgerð.



Þegar vélin er í geymslustöðu í halla og hallaaðvörunin hljómar hefur það áhrif á eftirfarandi eiginleika; slökkt er á lyftuaðgerðum.

Færðu vélina á jafnsléttu til að kveikja aftur á lyftuaðgerðum.

Notkunarleiðbeiningar

Akstursvirkjun



Logandi ljós gefur til kynna að bóman hafa hreyfst framhjá hringmerktu hjóli og akstursaðgerðin hafi verið stöðvuð.

Til að aka skal hreyfa akstursvirkjunarrofa og færa aksturs-/stýringarhandfangið hægt út frá miðjunni.

Sé aksturs-/stýringarhandfangið ekki hreyft innan tveggja sekúndna frá því að ýtt er á akstursvirkjunarveltirofann verður akstursaðgerðin óvirk. Slepptu og færðu akstursrofann aftur.

Aðgættu að vélin kann að hreyfast í gagnstæða átt við þá sem stjórntæki aksturs og stýringar eru hreyfð í.

Notaðu alltaf litakóðuðu stefnuþríhyrningana á stjórntækjum pallsins og undirvagninum til að finna út í hvaða átt vélin muni aka.

Þegar akstursvirkjunarljósið logar er ekki hægt að draga inn öxlana.

Val á hraða í hægagangi (rpm)



Veldu lausagang vélar (rpm) með því að ýta á lausagangsrofann. Gaumljós við hliðina á núverandi stýringarstillingu logar.

- Skjaldbökutákn: hægur lausagangur
- Kanínutákn: hraður lausagangur

Gaumljós vélar



Ljós kveikt og vél stöðvuð: Merktu vélina og taktu hana úr notkun.

Ljós kveikt og vél í gangi: Hafðu samband við þjónustuaðila innan 24 klst.

Notkunarleiðbeiningar

Hreinsun í kyrrstöðu

Þegar LCD-skjárinn birtir skilaboðin „Regen Required“ (hreinsun nauðsynleg) og hreinsunarljósið blikkar, þarf DPF (dísilagnasían) á hreinsun í kyrrstöðu að halda.

Settu hreinsun í gang með eftirfarandi hætti.

1 Lokaðu hliðarhlífum vélarinnar.

2 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð, fjarri eldfimum efnum og sprengifimum lofttegundum.

3 Ýttu samtímis á stjórnhnappana tvo á LCD-skjánum.





4 Ýttu á stjórntakka LCD-skjás þar til DEUTZ 2.2 STANDSTILL REGEN (DEUTZ 2.2 HREINSUN Í KYRRSTÖÐU) birtist.



5 Ýttu á stjórnhnappinn á LCD-skjánum til að velja JÁ.



6 LCD-skjárinn birtir skilaboðin WARNING HIGH EXHAUST TEMP, PRESS ENTER (VIÐVÖRUN HÁTT HITASTIG ÚTBLÁSTURS, ÝTTU Á ENTER).

7 Ýttu á stjórnhnappinn á LCD-skjánum.



8 LCD-skjárinn birtir skilaboðin NOTICE (ATHUGASEMD): ALL FUNCTIONS WILL BE LOCKED. REGEN WILL TAKE APPROX. 1 HOUR. PRESS ENTER (ATHUGASEMD: ALLAR AÐGERÐIR LÆSAST. HREINSUN TEKUR U.Þ.B. 1 KLUKKUSTUND. ÝTTU Á ENTER).

9 Ýttu á stjórnhnappinn á LCD-skjánum.



10 Ef vélin er ekki þegar í gangi birtir LCD-skjárinn skilaboðin START THE ENGINE THEN PRESS ENTER (RÆSTU VÉLINA OG ÝTTU SVO Á ENTER).

11 Ræstu vélina, hafi það ekki verið þegar gert, og ýttu svo á stjórnhnappinn á LCD-skjánum.



12 LCD-skjárinn birtir skilaboðin REGEN REQUESTED (BEÐIÐ UM HREINSUN). Þegar hér er komið hitar kerfið vélina, ef þörf krefur, og heldur áfram með ferlið.

13 Ef það hefur tekist að hefja hreinsunarferlið birtir LCD-skjárinn skilaboðin REGEN TIME REMAINING (EFTIRSTANDANDI HREINSUNARTÍMI).

14 Þegar hreinsuninni er lokið birtir LCD-skjárinn skilaboðin REGEN SUCCESSFUL (HREINSUN TÓKST).

15 Ef LCD-skjárinn birtir skilaboðin REGEN CANCELLED (HÆTT VIÐ HREINSUN) er eitthvað sem kemur í veg fyrir að hægt sé að ljúka við hreinsunarferlið. Hafðu samband við þjónustu Genie til að fá aðstoð.

Notkunarleiðbeiningar

- ⚠ Slökkt er á allri bómuvirkni meðan á DPF-hreinsunarferli í kyrrstöðu stendur.
- ⚠ Haltu þig fjarri útblæstri og hljóðkúti vélar.
- ⚠ Ekki skilja vélina eftir eftirlitslausa.
- ⚠ Ekki er hægt að virkja DPF-hreinsun í kyrrstöðu ef vélin hefur ekki beðið um það, né ef einhverjar vélarbilanir eru til staðar.
- ⚠ Ef beiðni um hreinsun í kyrrstöðu er ekki sinnt getur sótið í DPF (dísilagnasíu) orðið of mikið. Sían verður fyrir varanlegum skemmdum og það þarf að fá þar til bæran tækniaðila til að skipta um hana.
- ⚠ Í neyðartilfellum er hægt að stöðva DPF-hreinsun í kyrrstöðu á tvo vegu:
  - Slökkt er á vélinni með lykilrofanum.
  - Ýtt er á ESTOP-stöðvunarhnappinn.

  Ef þetta á sér stað getur þurft að endurræsa hreinsun í kyrrstöðu.
- ⚠ Ekki er hægt að hefja DPF-hreinsun í kyrrstöðu fyrr en vélin hefur keyrt í að minnsta kosti tvær mínútur og hitastig kælivökva hefur náð 35°C.

Gaumljós fyrir vinnslufæribreytur

Gaumljós fyrir vinnslufæribreytur loga til að láta stjórnanda vita að aðgerð hafi verið rofin og/eða að hann þurfi að grípa til aðgerða.

Gaumljós fyrir að hækka/draga inn bómu blikkar: Hækkaðu/dragðu inn bómuna þar til gaumljósið slokknar.




Gaumljós fyrir lækkun bómu blikkar: Lækkaðu bómuna þar til gaumljósið slokknar.



Gaumljós þegar vél er ekki lárétt blikkar: Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós blikkar. Færðu vélina á trausta jafnsléttu.






Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn upp í móti:

1 Láttu bómuna síga.

2 Dragðu inn bómuna.



Ef hallaaðvörunin hljómar með pallinn niður í móti:

1 Dragðu inn bómuna.

2 Láttu bómuna síga.

Notkunarleiðbeiningar

Gaumljós þegar pallur er ekki láréttur blikkar: Hallaaðvörunin hljómar þegar þetta ljós blikkar. Jafnvægisveltirofinn virkar bara í áttina til að jafna pallinn. Jafnaðu pallinn þar til gaumljósið slokknar.



Gaumljós fyrir ofhleðslu palls



Leiftrandi ljós gefur til kynna að pallurinn sé ofhlaðinn. Vélin mun stöðvast og engar aðgerðir virka.

Fjarlægðu þyngd af pallinum þar til ljósið slokknar og endurræstu svo vélina.

Pallur í ójafnvægi (P22 kóði)


Hjáveitustaða lykils sem á að nota til að jafna stöðu palls ef skjár stjórntækja á jörðu niðri sýnir að pallurinn sé ójafn (P22) og stjórntæki til að jafna pall virka ekki.

Til að nota:

1 Slökktu á vélinni.

2 Snúðu aðallykilrofanum á stjórntæki á jörðu niðri. Taktu lykilinn úr aðallykilrofanum og settu lykilinn í hjáveitu-/endurheimtarlykilrofann.

3 Snúðu hjáveitu-/endurheimtarlykilrofanum í hjáveitustöðuna.



4 Notaðu varaafl og hnappinn til að jafna pallinn til þess að jafna pallinn.

5 Snúðu hjáveitu-/endurheimtarlykilrofanum í ræsingarstöðuna.

6 Taktu lykilinn úr hjáveitu-/endurheimtarlykilrofanum og settu hann í aðallykilrofann.

7 Ýttu inn og togaðu svo út rauða neyðarstöðvunarhnappinn.

8 Ef P22 kóðinn er sýnilegur skaltu merkja vélina og taka hana úr notkun þangað til viðurkenndur þjónustuaðili hefur gert við bilunina.

Notkunarleiðbeiningar

Pallur í ójafnvægi (Jafnvægi palls > 15 gráðna skekkja)

Ef stjórntæki á jörðu niðri sýna PLATFORM LEVEL > 15 DEGREES FAULT (JAFNVÆGI PALLS > 15 GRÁÐNA SKEKKJA) og stjórntæki til að jafna pall virka ekki þarf þjálfað starfsfólk með sérstaka heimild eða viðurkenndur þjónustuaðili að lagfæra vélina.

Endurheimt jafnvægis palls

1 Stígðu á fótrofann.

2 Ýttu rofanum fyrir endurheimt jafnvægis palls upp og haltu honum þar.

3 Hreyfðu jafnvægisrofann fyrir pallinn í þá átt sem á að fara.

Ath.: Jafnvægisrofi palls virkar bara í þá átt sem jafnar pallinn.

Ath.: Hægt er að endurheimta jafnvægi palls frá +/-10 gráðu jafnvægi palls í allt að +/-14,9 gráðum með stjórntækjum á jörðu niðri eða með því að nota jafnvægisveltirofann með aðferðinni sem sýnd er að ofan. Þegar jafnvægi palls hefur náð +/-15 gráðum er bara hægt að endurheimta jafnvægi með því að nota lykilrofann Service/Recovery (þjónusta/endurheimt) á hliðinni á stjórntækjum á jörðu niðri og virkja þannig endurheimtarstillingu.

Ofhleðsluviðrétting (ef slíkt er uppsett)

Ef LCD-greiningarskjár á jörðu niðri sýnir Overload Recovery (ofhleðsluviðréttingu) var neyðarlækkunarkerfið notað á meðan pallurinn var ofhlaðinn. Frekari upplýsingar um hvernig skal endurstilla þessi skilaboð má finna í viðeigandi þjónustuhandbók Genie.

Rafall

Færðu veltirofa rafals til að nota rafalinn.

Ath.: Ef fótrofinn er virkjaður þegar verið er að ræsa rafal slokknar á rafalnum.

Gaumljós rafals blikkar þegar rafallinn er ræstur. Þegar lokið hefur verið við að ræsa rafal logar gaumljós rafals og snúningshraði vélar eykst og fer yfir í kanínustillingu.

Ath.: Aðeins klýfurbómu- og pallsaðgerðir eru virkar á meðan rafall er í gangi. Ýta verður á fótrofa til að virkja klýfurbómu- og pallsaðgerðir. Rafallinn heldur áfram að starfa á meðan klýfurbómu- og pallsaðgerðum fer fram. Slökkva verður á rafalnum til að nota aksturs-, snúningshluta- og bómuaðgerðir.

Stingdu rafmagnsverkfæri í samband við GFCI-innstungu á palli. Það er innbyggð GFCI-vernd í rafmagnskassa rafalsins, sem er á undirvagni snúningshlutans.

Færðu veltirofa rafals til að slökkva á rafalnum. Gaumljós rafals blikkar á meðan slökkt er á rafalnum. Þegar lokið hefur verið við að slökkva á rafalnum slokknar á gaumljósi rafals og snúningshraði vélar minnkar og fer yfir í skjaldbökustillingu.

Notkunarleiðbeiningar

LCD-skjár (ef slíkt er uppsett)

LCD-skjárinn sýnir klukkustundamæli, spennu, olíuþrýsting og hitastig kælivökva. Skjárinn sýnir líka bilunarkóða og aðrar þjónustuupplýsingar.

Perkins-vél

Vélar með Perkins 854F-34T dísilvélum eru með hreinsunarstillingu sem ætti að fara sjálfkrafa í gang eftir þörfum.

Á LCD-skjánum birtist REGEN FORCED (HREINSUN ÞVINGUÐ) og WARNING HIGH EXHAUST SYSTEM TEMP (AÐVÖRUN HÁTT HITASTIG ÚTBLÁSTURSKERFIS) þegar hreinsunarstillingin er í gangi. Engrar þjónustu þörf.


Snertiviðvörun (ef til staðar)

Snertiviðvörunarkerfið er hannað til þess að láta fólk á jörðu niðri vita ef stjórnandi kemur óvart við stjórnborðið á pallinum, stöðva hreyfingu bómunnar, láta hljóðmerki heyrist og viðvörunarljós blikka.

Þegar snertiviðvörunarvírinn er hreyfður er ekki lengur hægt að aka eða lyfta á pallinum. Hljóð og sýnilegar viðvaranir láta aðra vita að aðstoðar kunni að vera þörf. Þessu linnir ekki fyrr en kerfið er endurræst.

1 Snertiviðvörunarvírinn er hreyfður sem losar hreyfinn úr tenginu.

2 Stingdu hreyfinum í tengið til að slökkva á blikkandi ljósum og hljóðmerki.




a hreyfir
b snertiviðvörunarvír
c blikkandi viðvörunarljós
d tengi

Notkunarleiðbeiningar

Leiðbeiningar fyrir röragrindur

Ein röragrind er á hvorri hlið pallsins, fest við handrið með u-boltum.



a ól
b U-boltar
c festing röragrindar
d efra handrið á palli
e suðulögn röragrindar
f miðjuhandrið á palli
g flatar skífur
h nylock-rær

Athugaðu og fylgdu:

☑ Setja verður upp röragrindur innan í pallinum.

☑ Röragrindur mega ekki hindra aðgang að stjórntækjum pallsins eða inngangi í pallinn.

☑ Neðsti hluti rörs röragrindar verður að hvíla á gólffleti pallsins.

☑ Gættu þess að pallurinn sé láréttur áður en röragrind er sett upp.

Uppsetning röragrinda

1 Settu upp röragrind á hvorri hlið pallsins. Sjá skýringarmynd hér til vinstri. Gættu þess að neðsti hluti rörs röragrindar hvíli á gólffleti pallsins.

2 Færðu tvo u-bolta í gegnum festingar hvorrar röragrindar frá ytri hlið handriðs pallsins.

3 Festu hvorn u-bolta með 2 skífum og 2 róm.

Notkunarleiðbeiningar

Notkun röragrinda

1 Gakktu úr skugga um að leiðbeiningum um uppsetningu röragrinda hafi verið fylgt og að röragrindur séu festar við handrið pallsins.

2 Staðsettu farminn þannig að hann hvíli á báðum röragrindum. Lengd farmsins skal vera samhliða lengd pallsins.

3 Settu farminn í miðjar röragrindurnar.

4 Festu farminn við hvora röragrind. Leggðu nælonólina yfir farminn. Ýttu á sylgjuna og renndu ólinni í gegn. Hertu ólina.

5 Ýttu og togaðu gætilega í farminn til að ganga úr skugga um að röragrindur og farmur séu fest tryggilega.

6 Farmurinn skal vera fastur þegar vélin er á ferð.

⚠ Hætta á veltu. Þyngd röragrindanna og þyngd farms sem þær bera mun minnka burðargetu palls vélarinnar og því þarf að reikna það inn í heildarálag á pall.

⚠ Hætta á veltu. Þyngd röragrindanna og röranna í þeim kann að takmarka þann fjölda starfsmanna sem pallurinn getur borið.

Hámarksburðargeta röragrinda	
Allar gerðir	200 pund 90,7 kg
Þyngd röragrinda	21 pund 9,5 kg

Eftir hverja notkun

1 Veldu öruggan stað til að leggja vélinni—trausta jafnsléttu, lausa við hindranir og umferð.

2 Láttu bómuna síga í frágengna stöðu.

3 Snúðu snúningshlutanum þar til bóman er mitt á milli hjólanna hringmegin.

4 Snúðu lyklinum í off-stöðu og fjarlægðu lykilinn til að tryggja að vélin sé ekki notuð í leyfisleysi.

Geymsla vélar

Ef rétt er gengið frá vélinni fyrir langvarandi geymslu verður auðveldara að koma henni aftur í þjónustu.

1 Sjá leiðbeiningar um hvernig á að ganga frá vélinni í hlutanum Eftir hverja notkun.

2 Geymdu vélina á þurrum og vel loftræstum stað. Gakktu úr skugga um að vélin sé hrein og þurr.

3 Framkvæmdu ítarlega skoðun fyrir notkun.

Gerðir með vélum: fylltu eldsneytisgeyminn.

4 Kynntu þér hlutann Reglubundið viðhald í viðeigandi þjónustuhandbók, og ljúktu við hvert smurningarferli.

5 Fjarlægðu og geymdu rafgeyminn.

6 Gerðir með vélum: Sjá frekari verklagsreglur fyrir langvarandi geymslu í OEM vélarhandbókinni. Ræstu og láttu vélina ganga í 10 mínútur, eftir þörfum.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Skoðaðu og hlýddu:

☑ Genie mælir með því að farið sé eftir þessum festingarleiðbeiningum. Ökumenn bera alla ábyrgð á að ganga úr skugga um að vélar séu tryggilega festar og að réttur tengivagn sé valinn.

☑ Viðskiptavinir Genie sem þurfa setja einhverja lyftu eða vöru frá Genie í gám ættu að leita til hæfs flutningsmiðlara með sérþekkingu á tilbúningi, hleðslu og festingu lyftingarbúnaðar fyrir alþjóðlega vöruflutninga.

☑ Aðeins starfsmenn með réttindi á vinnnupallinn skulu lyfta vélinni af eða á flutningabíl.

☑ Leggja verður flutningsökutækinu á láréttu yfirborði.

☑ Ganga verður tryggilega frá flutningsökutækinu til að koma í veg fyrir að það hreyfist meðan verið er að setja vélina á.

☑ Gættu þess að geta ökutækisins, fermingarfletir og keðjur eða ólar séu nægilega sterkar til að standast þyngd vélarinnar. Genie-lyftur eru hlutfallslega þungar miðað við stærð. Sjá upplýsingar um þyngd vélar á skráningarmiða. Sjá upplýsingar um staðsetningu skráningarmiða í kafla um skoðun.

☑ Gakktu úr skugga um að snúningshluti sé festur með læsingu fyrir snúningshluta áður en vélin er flutt. Gættu þess að aflæsa snúningshlutanum fyrir notkun.


☑ Ekki aka vélinni í brekku sem fer umfram málgildi halla eða hliðarhalla. Sjá Akstur í halla í hlutanum Notkunarleiðbeiningar.

☑ Ef hallinn á palli flutningsökutækisins fer umfram hámarksmálgildi halla verður að ferma og afferma vélina með vindu, eins og lýst er. Sjá upplýsingar um málgildi halla í tæknilýsingarkaflanum.

Fríhjólauppstilling fyrir drátt með spili

Skorðaðu hjólin til að koma í veg fyrir að vélin renni.

Losaðu hemlana á hjólunum með því að snúa öllum fjórum aftengingarlokum átaksnafanna.



Vertu viss um að vindulínan sé almennilega fest við tengipunkta undirvagnsins og að leiðin sé laus við allar hindranir.


Beittu verkþáttum í öfugri röð til að festa hemla á ný.

Ath.: Fríhjóladælulokinn ætti alltaf að vera lokaður.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Fest á vörubíl eða tengivagn fyrir flutning

Notaðu ávallt láspinna fyrir snúanlega hlutann í hvert sinn sem vélin er flutt.



1 Láspinni fyrir snúanlega hlutann

Snúðu lykilrofanum í af-stöðu og fjarlægðu lykilinn fyrir flutning.

Athugaðu með lausa eða ófesta hluti á allri vélinni.

Undirvagninn festur

Notaðu keðjur með nægri burðargetu.

Notaðu að lágmarki 6 keðjur.

Hagræddu útbúnaðinum til að koma í veg fyrir skemmdir á keðjunum.


Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Pallurinn festur

Ath.: Gáðu að staðsetningu klýfurbómu og palls þegar gengið er frá palli til að forðast árekstur við bómuna.

Ath.: Til að hefja frágang palls þarf fyrst að draga inn öxlana, draga inn bómuna og láta klýfurbómuna vera nokkurn veginn beina miðað við bómuna.

Ath.: Bóman þarf að vera lækkuð að fullu og hvíla á snúanlega borðinu áður en farið er að ganga frá pallinum.



Ath.: Einungis er hægt að ganga frá palli fyrir flutning frá stjórntækjum pallsins.


Ath.: Aðeins stjórnandi má vera á pallinum á meðan þessu fer fram.

Ath.: Hafðu hendurnar ávallt á stjórntækjunum á meðan frágangur fer fram.


1 Láttu bómuna síga að fullu á snúanlega borðið. Hækkaðu klýfurbómuna ef þarf svo pallurinn rekist ekki á pall tengivagns.

2 Snúðu bómunni til hægri.

Þegar klýfurbóman er komin yfir 35 gráður hægra megin við bómuna takmarkast hækkun bómu við 2 gráður upp fyrir lárétt og sjálfvirk klýfurbómustaða verður óvirk.



3 Þegar pallurinn fer út fyrir brúnir tengivagnsins skaltu laga hæð og stöðu pallsins eftir þörfum svo hann sé ekki fyrir palli tengivagns þegar klýfurbóman hefur verið látin síga að fullu.



4 Þegar klýfurbóman og pallurinn nálgast bómuna skaltu snúa pallinum í átt að bómunni þar til hann nemur staðar.

Leiðbeiningar um flutning og lyftingu


5 Haltu áfram að snúa klýfurbómunni þar til hún nemur staðar og pallurinn er frágenginn undir bómunni.

Það gæti þurft að hækka eða lækka bómuna til að festa og ganga frá fyrir flutning, allt eftir uppsetningu tengivagns.

6 Hægt er að koma fyrir frauðplastseiningum á milli pallsins og palls tengivagns. Festu frauðplastseiningarnar við pallinn.


7 Komdu pallinum fyrir þannig að hann sé miðja vegu á milli bómunnar og palls tengivagns og hafðu hann hangandi. Festu pallinn með nælonól sem sett er í gegn um neðri undirstöður pallsins. Ekki nota óhóflegan niðurkraft þegar bómuhlutinn er festur.

8 Til að koma í veg fyrir of mikla hreyfingu til hliðanna má koma fyrir ólum á milli efri festingar á bómu #2 og palls tengivagns.




Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

SX-150



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

SX-180



Leiðbeiningar um flutning og lyftingu

Athugaðu og fylgdu:

- ☑ Aðeins þeir sem hæfir eru til að ganga frá vélinni skulu gera slíkt.
- ☑ Aðeins kranastjórnendur með tilskilin réttindi skulu lyfta vélinni og þá einungis í samræmi við viðeigandi kranareglugerðir.
- ☑ Vertu viss um að burðargeta kranans, fermingarflata og óla eða tauga sé nægileg til að standast þyngd vélarinnar. Sjá raðnúmeramerkimiða fyrir þyngd vélarinnar.

Lyftileiðbeiningar

Dragðu öxlana út að fullu. Láttu bómuna síga til fulls og dragðu hana inn. Láttu klýfurbómuna síga til fulls.


Fjarlægðu alla lausa hluti af vélinni.


Ákvarðaðu þyngdarpunkt vélarinnar með aðstoð töflunnar og myndarinnar á þessari síðu.

Festu lyftibúnaðinn aðeins við afmarkaða lyftipunkta á vélinni. Það eru fjórir lyftipunktar á undirvagninum, einn á hverjum öxli.

Lagfærðu lyftibúnaðinn til að koma í veg fyrir skemmdir á vélinni og til að halda henni láréttri.

Þyngdarpunktur	X-ás	Y-ás
SX-180	3,3 m 131 tomma	1,6 m 62 tommur
SX-150	2,49 m 98 tommur	1,55 m 61 tomma





1 - X-ás

2 - Y-ás

Viðhald



Skoðaðu og hlýddu:

☑ Stjórnandi skal aðeins framkvæma hefðbundin viðhaldsatriði sem tilgreind eru í þessari handbók.

☑ Viðurkenndir þjónustutæknimenn skulu ljúka við reglubundna viðhaldsskoðun, í samræmi við tæknistaðal framleiðanda og kröfurnar sem tilgreindar eru í ábyrgðarhandbókinni.

☑ Notaðu aðeins varahluti sem Genie hefur viðurkennt.

Skýringartexti tákna

Eftirfarandi tákn hafa verið notuð í þessari handbók til að skýra tilgang leiðbeininganna. Þegar eitt eða fleiri þessara tákna birtast við upphaf viðhaldsferlis gefur það til kynna merkinguna að neðan.



Gefur til kynna að þörf sé á verkfærum við þetta verklag.



Gefur til kynna að þörf sé á nýjum hlutum til að framkvæma þetta verklag.



Gefur til kynna að vél þurfi að vera köld til að framkvæma þetta verklag.

Staða vélarolíu athuguð



Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu vélarolíu sé haldið réttri. Ef vélin er notuð á meðan staða vélarolíu er röng getur það skemmt vélina eða hluta hennar.

Ath.: Athugaðu stöðu vélarolíu þegar slökkt er á vélinni.

1 Skoðaðu mælistiku í olíu. Bættu olíu á ef þarf.

Perkins 1104D-44T vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	10W-30
Deutz TD2011 L04i vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-30
Perkins 854F-34T vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-30
Deutz TD2.9L vél	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-30
Deutz TCD 2.2L vél, V-stig	
Olíugerð	15W-40
Olíugerð - kaldar aðstæður	5W-40

Dísilolíukröfur

Nauðsynlegt er að nota gæðaeldsneyti svo vélin starfi sem skyldi. Með gæðaeldsneyti næst eftirfarandi árangur: vélin endist lengur og útblástursmagn er viðunandi.

Lágmarkskröfur um dísilolíu fyrir hverja vél má sjá hér fyrir neðan.

Perkins 1104D-44T vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með litlu brennisteinsmagni (LSD)
Perkins 854F-34T vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)
Deutz TD2011 L04i vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með litlu brennisteinsmagni (LSD)
Deutz TD2.9L vél	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)
Deutz TCD 2.2L vél, V-stig	
Eldsneytisgerð	Dísilolía með lágmarksbrennisteinsmagni (ULSD)

Glussaolíustaða athuguð

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu glussa sé haldið réttri. Röng staða glussa getur skemmt íhluti vökvakerfisins. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á olíustöðu sem gætu bent til vandamála í vökvakerfinu.

1 Vertu viss um að bóman sé í frágenginni stöðu og slökkt á vélinni.

2 Athugaðu sjónrænt hæðarstöðumælinn sem staðsettur er á hlið glussatanksins.

⊙ Niðurstaða: Glussastaðan ætti að vera milli merkjanna tveggja á límmiðanum við hliðina á hæðarstöðumælinum.

3 Bættu á olíu ef þörf er á. Ekki yfirfylla.



Hámarksolíustaða



Lágmarksolíustaða

Tæknilýsing glussa	
Gerð glussa	Chevron Rando HD jafngildi

Viðhald

Athuga stöðu kælivökva á vél – Vökvakældar gerðir

Það er frumskilyrði fyrir notkun vélarinnar að stöðu kælivökva á vél sé haldið réttri. Röng staða kælivökva hefur áhrif á kæligetu vélarinnar og skemmir vélina eða hluta hennar. Daglegar athuganir gera skoðunarmanninum kleift að greina breytingar á stöðu kælivökva sem gætu bent til vandamála í kælikerfinu.

1 Athugaðu stöðu kælivökva. Bættu vökva á ef þarf.

⊙ Niðurstaða (Deutz TD2.9L vél): Staða vökva ætti að vera sýnileg á stöðumæli afgösunartanks.

⊙ Niðurstaða (allar aðrar vélargerðir): Staða vökva ætti að vera á bilinu merkt NORMAL (venjulegt).

⚠ Hætta á líkamstjóni. Þrýstingur er á vökva í vatnskassa og afgösunartanki og hann getur verið afar heitur. Farðu varlega þegar þú tekur lokið af og bætir við vökva.

Athuga rafgeymana

Gott ástand rafgeymis er nauðsynlegt fyrir góða frammistöðu vélar og notkunaröryggi. Röng vökvastaða eða skemmdir kaplar og tengingar geta leitt til skemmda á íhlutum og hættuástands.

⚠ Hætta á raflosti. Snerting við heitar rafrásir eða rafrásir með spennu gæti leitt til dauða eða alvarlegra meiðsla. Fjarlægðu alla hringi, úr og aðra skartgripi.

⚠ Hætta á líkamstjóni. Rafgeymar innihalda sýru. Forðastu að hella niður eða snerta rafgeymasýru. Gerðu rafgeymasýru sem farið hefur niður óvirka með natróni og vatni.

1 Farðu í hlífðarfatnað og settu á þig augnhlífar.

2 Gættu þess að tengi rafgeymakapals séu hert og laus við tæringu.

3 Gættu þess að rafgeymafestingarnar séu til staðar og traustar.

Ath.: Ef bætt er við pólhlífum og ryðvörn kemur það í veg fyrir ryð á rafgeymapólum og köplum.

Viðhald

Reglubundið viðhald

Viðhald sem framkvæmt er ársfjórðungslega, árlega og á tveggja ára fresti verður að vera framkvæmt af einstaklingi sem hefur þjálfun og hæfni til að framkvæma viðhald á þessari vél í samræmi við verklagið sem finna má í þjónustuhandbók fyrir þessa vél.

Fara verður fram ársfjórðungsleg skoðun á vélum sem hafa staðið ónotaðar í meira en þrjá mánuði áður en þær eru teknar aftur í notkun.

Fylgið öllum staðbundnum og opinberum reglum þegar vélin er tekin úr umferð og henni fargað í lok líftíma hennar. Sjá frekari upplýsingar í viðeigandi Genie-þjónustuhandbók.

Tæknilýsing

Gerð		SX-150
Hámarks vinnuhæð	158 fet	48,16 m
Hæð, hámark fyrir pall	152 fet	46,33 m
Hæð, hámark frágenginn	10 fet	3,05 m
Hámarksseiling, lóðrétt	80 fet	24,38 m
Breidd, öxlar inndregnir	8 fet 2 to.	2,49 m
Breidd, öxlar úti	16 fet 6 to.	5,03 m
Lengd, frágenginn	53 fet 1 to.	16,18 m
Lengd, frágenginn fyrir flutning (klýfurbóma frágengin fyrir flutning)	42 fet 8 to.	13 m
Hámarksburðargeta	750 pund	340 kg
Hámarksvindhraði	28 mílur/klst.	12,5 m/sek.
Hjólhaf, öxlar úti	15 fet 6 to.	4,72 m
Hjólhaf, öxlar inni	16 fet 6 to.	5,03 m
Hæð frá jörðu	15 to.	38,1 cm
Snúningsgeisli, öxlar úti		
Innri	9 fet 11 to.	3,02 m
Ytri	24 fet 1 to.	7,34 m
Snúningsgeisli, öxlar inni		
Innri	20 fet 7 to.	6,27 m
Ytri	28 fet 1 to.	8,56 m
Snúningur snúanlega hlutans (gráður)		360° samfelldur
Endasveifla hringsnúnings, öxlar úti	3 fet 6 to.	1,07 m
Endasveifla hringsnúnings, öxlar inni	3 fet 9 to.	1,14 m
Stjórntæki		12V DCHlutfalls
Mál palls, 6 fet (lengd x breidd)	72 x 30 to.	183 x 76 cm
Mál palls, 8 fet (lengd x breidd)	96 x 36 to.	244 x 91 cm
Jafnvægi palls		sjálfstillandi
Snúningur palls		160°
Snúningur klýfurbómu, lóðrétt		135°
Snúningur klýfurbómu, lárétt		60°
Riðstraumsúttak á palli		venjulegt
Stærð eldsneytisgeymis	50 gallon	189 lítrar

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.

Vökvaþrýstingur, hámark (bómuaðgerðir)	2900 psi	203 bör
Vökvaþrýstingur, hámark (varaaflgjafi)	3200 psi	221 bör
Spenna kerfis		12 V
Dekkjastærð		445D50/710, 18 ply HD FF
Þyngd	49.950 pund	22.657 kg
(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)		
Umhverfishiti við notkun		-20°F til 120°F -29°C til 49°C

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	89 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	68 dBA
Vottað hljóðaflsstig	108 dBA

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 4WD		
Mótvægi upp í móti	35%	19°
Mótvægi niður í móti	35%	19°
Hliðarhalli	25%	14°

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Ökuhraði		
Akstursrhaði, geymslustaða	2,3 mílur/klst. 40 fet/11,8 sek.	3,7 km/klst. 12 m/11,8 sek.
Ökuhraði, með bómu uppi eða dregna út	0,4 mílur/klst. 40 fet/68 sek.	0,65 km/klst. 12 m/68 sek.
Akstursrhaði, bóma yfir 125 fet/38,1 m	0,1 mílur/klst. 40 fet/270 sek.	0,17 km/klst. 12 m/270 sek.

Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	28.500 pund	12.927 kg
Snertiþrýstingur dekkja	130 psi	9,13 kg/cm^2 896 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (öxlar úti)	159 psf	778 kg/m^2 7,63 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (öxlar inni)	306 psf	1494 kg/m^2 14,65 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

Gerð		**SX-180**
Hámarks vinnuhæð	186 ft	56.69 m
Hæð, hámark fyrir pall	180 ft	54.86 m
Hæð, hámark frágenginn	10 ft	3.05 m
Hámarksseiling, lóðrétt	80 ft	24.38 m
Breidd, öxlar inndregnir	8 ft 2 in	2.49 m
Breidd, öxlar úti	16 ft 6 in	5.03 m
Lengd, frágenginn	53 ft 1 in	16.18 m
Lengd, frágenginn fyrir flutning (klýfurbóma frágengin fyrir flutning)	42 ft 8 in	13 m
Hámarksburðargeta	750 lbs	340 kg
Hámarksvindhraði	28 mph	12.5 m/s
Hjólhaf, öxlar úti	15 ft 6 in	4.72 m
Hjólhaf, öxlar inni	16 ft 6 in	5.03 m
Hæð frá jörðu	15 in	38.1 cm
Snúningsgeisli, öxlar úti		
Innri	9 ft 11 in	3.02 m
Ytri	24 ft 1 in	7.34 m
Snúningsgeisli, öxlar inni		
Innri	20 ft 7 in	6.27 m
Ytri	28 ft 1 in	8.56 m
Snúningur snúanlega hlutans (gráður)		360° samfelldur
Endasveifla hringsnúnings, öxlar úti	3 ft 6 in	1.07 m
Endasveifla hringsnúnings, öxlar inni	3 ft 9 in	1.14 m
Stjórntæki		12V DC Hlutfalls
Mál palls, 6 fet (lengd x breidd)	72 x 30 in	183 x 76 cm
Mál palls, 8 fet (lengd x breidd)	96 x 36 in	244 x 91 cm
Jafnvægi palls		sjálfstillandi
Snúningur palls		160°
Snúningur klýfurbómu, lóðrétt		135°
Snúningur klýfurbómu, lárétt		60°
Riðstraumsúttak á palli		venjulegt
Stærð eldsneytisgeymis	50 gallon	189 lítrar

Heildartitringur sem hendur og handleggir verða fyrir fer ekki yfir 2,5 m/s^2.

Hæsta kvaðratmeðaltalsrót veginnar hröðunar sem allur líkaminn verður fyrir fer ekki yfir 0,5 m/s^2.

Vökvaþrýstingur, hámark (bómuaðgerðir)	2900 psi	203 bar
Vökvaþrýstingur, hámark (varaaflgjafi)	3200 psi	221 bar
Spenna kerfis		12V
Dekkjastærð		445D50/710, 18 ply HD FF
Þyngd	55,000 lbs	24,948 kg

(Vélarþungi er breytilegur eftir því hvaða samsetning er valin. Sjá tiltekna vélarþyngd á raðnúmeramiða.)

Umhverfishiti við notkun	-20° F to 120° F -29° C to 49° C

Hávaðamengun í lofti	
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á jörðu niðri	88 dBA
Hljóðþrýstingsstig við vinnustöð á palli	68 dBA
Vottað hljóðaflsstig	108 dBA

Hámarkshalli í brekku, frágengin staða, 4WD		
Mótvægi upp í móti	35%	19°
Mótvægi niður í móti	35%	19°
Hliðarhalli	25%	14°

Ath.: Tilgreindur halli er háður aðstæðum á jörðu niðri þegar einn einstaklingur er á pallinum og með nægilegu gripi. Viðbótarþyngd á palli kann að draga úr tilgreindum halla.

Leyfilegur hámarkshalli undirvagns	Vísar til kafla um „Virkjunarstillingar hallaskynjara“

Ökuhraði		
Akstursþraði, geymslustaða	2.3 mph 40 ft/11.8 sec	3.7 km/h 12 m/11.8 sec
Ökuhraði, með bómu uppi eða dregna út	0.4 mph 40 ft/68 sec	0.65 km/h 12 m/68 sec
Akstursþraði, bóma yfir 125 fet/38,1 m	0.1 mph 40 ft/270 sec	0.17 km/h 12 m/270 sec


Upplýsingar um hleðslu á gólfi		
Hámarksþungi á dekki	29,500 lbs	13,381 kg
Snertiþrýstingur dekkja	130 psi	9.13 kg/cm^2 896 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (öxlar úti)	175 psf	856 kg/m^2 8.39 kPa
Gólfþrýstingur með starfsmenn á palli (öxlar inni)	337 psf	1,644 kg/m^2 16.12 kPa

Ath.: Upplýsingar um hleðslu á gólfi eru áætlaðar og fela ekki í sér mismunandi kosti í uppsetningu. Þær ætti aðeins að nota með viðeigandi öryggisþáttum.

Stefna Genie er stöðugar endurbætur á vörum okkar. Tæknilýsing vöru er háð breytingum án fyrirvara eða skuldbindingar.

Tæknilýsing

SX-150 Tafla yfir hreyfingarsvið




Hámarksburðargeta pallsins - 340 kg/750 pund

Hámarkshæð			Hámarksseiling		
1	160 fet	48,8 m	**18**	-20 fet	-6,1 m
2	150 fet	45,7 m	**19**	-10 fet	-3 m
3	140 fet	42,7 m	**20**	0 fet	0 m
4	130 fet	39,6 m	**21**	10 fet	3 m
5	120 fet	36,6 m	**22**	20 fet	6,1 m
6	110 fet	33,5 m	**26**	30 fet	9,1 m
7	100 fet	30,5 m	**24**	40 fet	12,2 m
8	90 fet	27,4 m	**25**	50 fet	15,2 m
9	80 fet	24,4 m	**26**	60 fet	18,3 m
10	70 fet	21,3 m	**27**	70 fet	21,3 m
11	60 fet	18,3 m	**28**	80 fet	24,4 m
12	50 fet	15,2 m			
13	40 fet	12,2 m			
14	30 fet	9,1 m			
15	20 fet	6,1 m			
16	10 fet	3 m			
17	0 fet	0 m			

Tæknilýsing

SX-180 Tafla yfir hreyfingarsvið



Hámarksburðargeta pallsins - 340 kg/750 pund

Hámarkshæð			Hámarksseiling		
1	180 fet	54,9 m	**20**	-20 fet	-6,1 m
2	170 fet	51,8 m	**21**	-10 fet	-3 m
3	160 fet	48,8 m	**22**	0 fet	0 m
4	150 fet	45,7 m	**23**	10 fet	3 m
5	140 fet	42,7 m	**24**	20 fet	6,1 m
6	130 fet	39,6 m	**25**	30 fet	9,1 m
7	120 fet	36,6 m	**26**	40 fet	12,2 m
8	110 fet	33,5 m	**27**	50 fet	15,2 m
9	100 fet	30,5 m	**28**	60 fet	18,3 m
10	90 fet	27,4 m	**29**	70 fet	21,3 m
11	80 fet	24,4 m	**30**	80 fet	24,4 m
12	70 fet	21,3 m			
13	60 fet	18,3 m			
14	50 fet	15,2 m			
15	40 fet	12,2 m			
16	30 fet	9,1 m			
17	20 fet	6,1 m			
18	10 fet	3 m			
19	0 fet	0 m			

Tæknilýsing

Contents of EC Declaration of Conformity - 1

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Directives:

1. EC Directive 2006/42/EC, Machinery Directive, relevant harmonized standards, technical standards or specifications used: <standard(s)' name> EC type-examination certificate <variable field> issued by:

<notified body's name>

<notified body's number>

2. EC Directive EMC: 2014/30/EU, relevant harmonized standards, technical standards or specifications used: EN 61000-6-2:XXXX and EN 61000-6-4:XXXX

3. EC Directive 2000/14/EC, Noise Directive, under consideration of Annex V and harmonized standard EN ISO 3744:1995, internal combustion engine only.

4. EC Directive 2014/53/EU - RED Directive (if fitted with relevant optional equipment)

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie Industries B.V Boekerman 5, 4751 XK Oud Gastel, The Netherlands
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field> Date of Issue: <variable field>

Contents of EC Declaration of Conformity - 2

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Directives:

1. EC Directive 2006/42/EC, Machinery Directive, Conformity assessment procedure: art.12 (3) (a), with the application of European Harmonized Standard <standard(s)' name>.

2. EC Directive EMC: 2014/30/EU, under consideration of harmonized European standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. EC Directive 2000/14/EC, Noise Directive, under consideration of Annex V and harmonized standard EN ISO 3744, internal combustion engine only.

4. EC Directive 2014/53/EU - RED Directive (if fitted with relevant optional equipment)

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative:
	Genie Industries B.V Boekerman 5, 4751 XK Oud Gastel, The Netherlands
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Tæknilýsing

Contents of UK Declaration of Conformity - 1

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Legislation:

1. Supply of Machinery (Safety) Regulations 2008 (SI 2008/1597) as amended (SI 2011/1043, SI 2011/2157,
SI 2019/696) relevant designated standards, technical standards or specifications used: <standard(s)' name> as described in type-examination certificate <variable field> issued by:

<notified body's name>

<notified body's number>

2. Electromagnetic Compatibility Regulations 2016 (SI 2016/1091) as amended (SI 2017/1206, SI 2019/696) relevant designated standards, technical standards or specifications used: EN 61000-6-2:XXXX and
EN 61000-6-4:XXXX

3. Noise Emissions in the Environment by Equipment for use Outdoors Regulations 2001 (SI 2001/1701) as amended (SI 2001/3958, SI 2005/3525, 2015/98) under consideration of Annex V and designated standard
EN ISO 3744:1995, internal combustion engine only.

4. The Radio Equipment Regulations 2017 (if fitted with relevant optional equipment)

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie UK Ltd The Maltings Wharf Road Grantham NG31 6BH
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Contents of UK Declaration of Conformity - 2

<Manufacturer's name> hereby declares that the machinery described below complies with the provisions of the following Legislation:

1. Supply of Machinery (Safety) Regulations 2008 (SI 2008/1597) as amended (SI 2011/1043, SI 2011/2157,
SI 2019/696) conformity assessment procedure according to Part 3, 11. (2) (a) with reference to designated standard <standard(s)' name>

2. Electromagnetic Compatibility Regulations 2016 (SI 2016/1091) as amended (SI 2017/1206, SI 2019/696) under consideration of designated standard EN 61000-6-2 and EN 61000-6-4

3. Noise Emissions in the Environment by Equipment for use Outdoors Regulations 2001 (SI 2001/1701) as amended (SI 2001/3958, SI 2005/3525, 2015/98) under consideration of Annex V and designated standard
EN ISO 3744, internal combustion engine only.

4. The Radio Equipment Regulations 2017 (if fitted with relevant optional equipment)

Test Report:
This machine has been tested and passed the following categories prior to entering the market:

1. BRAKES: Brakes working properly in forward and reverse.
2. OVERLOAD: Overload tested at XXX% rated load.
3. FUNCTIONAL: Smooth operation at XXX% rated load.
4. FUNCTIONAL: All safety devices working correctly.
5. FUNCTIONAL: Speeds set within permitted specification.

Model / Type: <machine type>	Manufacture Date: <variable field>
Description: <machine classification>	Country of Manufacture: <variable field>
Model: <model name>	Net Installed Power: <only for IC machines>
Serial Number: <variable field>	Guaranteed Sound Power Level: <only for IC machines>
VIN: <where applicable>	
Manufacturer: <Manufacturer's name>	Authorized Representative: Genie UK Ltd The Maltings Wharf Road Grantham NG31 6BH
Empowered signatory:	Place of Issue: <variable field>
	Date of Issue: <variable field>

Dreift af:

www.genielift.com